

GUÐBJÖRG KRISTÍN INGVARSDÓTTIR

Fékk túrkisblátt borð frá tengdaforeldrunum

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Fullfrágengnar með lágmarks viðhaldi

Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



LÚR
BETRI HVÍLD

Frábær tilboð

Hlíðasmári 1 - Kópavogi - S. 554 6969

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. nóvember 2008 — 301. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Aldrei verið vinsælla

Auður Kristindóttur hefur gefið út þrjúnaðlaðið *Yr* í tuttugu ár.

TÍMAMÓT 16



Opnar Sirkus aftur?

Barinn Sirkus er kominn heim frá London. Kristján Björn Þórðarson vill að staðurinn opni aftur á Klapparstíg.

FÓLK 26

Fresta útgáfu

Íslensk útgáfufyrirtæki fresta útgáfu á 13 plötum fyrir jólin vegna efnahagsástandsins.

FÓLK 20

Yngsti meistarinn

Lewis Hamilton varð heimsmeistari í Formúlu 1 á meðan Ferrarimenn fögnuðu.

ÍÞRÓTTIR 22




VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTRA Í dag verða víðast suðvestan 8-13 m/s, hvassast fyrir og um hádegi. Skúrir á vesturluta landsins en þurrast lengst af og bjart austan til. Hiti 2-10 stig, svalast til landsins eystra.

VEDUR 4



Samfylking ítrekar óánægju sína með seðlabankastjóra

Ráðherrar Samfylkingarinnar ítrekuðu á föstudaginn var bókun um að seðlabankastjórar starfi alfarið í umboði sjálfstæðismanna. Sjálf bókunin var lögð fram í byrjun síðasta mánaðar, skömmu eftir yfirtöku Glitnis. Forsætisráðherra neitaði þó í viðtali að málið hefði verið rætt innan ríkisstjórnarinnar.

STJÓRN MÁL Bókun Samfylkingarinnar um að Davíð Oddsson sé alfarið í umboði Sjálfstæðisflokksins í embætti seðlabankastjóra snýr einnig að þeim Eiríki Guðnasyni og Ingimundi Friðrikssyni sem starfa ásamt Davíð sem bankastjórar Seðlabankans. Bókunin var gerð föstudaginn 3. október eða á öðrum fundi ríkisstjórnarinnar eftir að Glitni var þjóðnýttur. Þessi bókun var ítrekuð á ríkisstjórnarfundum á föstudaginn var.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er farið fram á það í bókuninni að breytingar verði gerðar á stjórnskipan í Seðlabankanum. Þar eigi aðeins einn seðlabankastjóri að starfa og hann eigi að vera faglega ráðinn. Töluverð gremja mun ríkja meðal sjálfstæðismanna vegna bókunarinnar.

Heimildir Fréttablaðsins herma jafnframt að ráðherrar Samfylkingarinnar hafi upphaflega lagt fram bókunina þar sem þeir voru ósáttir við framgöngu stjórnar Seðlabankans í kringum þjóðnýtingu Glitnis. Þá hafi þeir ítrekað bókunina á föstudaginn var vegna yfirlýsingar Seðlabankans um sanningsatriði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Geir H. Haarde forsætisráðherra neitaði því í viðtali í Kastljósi, miðvikudaginn 22. október, að rætt hefði verið um það innan ríkisstjórnarinnar hvort stjórn Seðlabankans ætti að víkja. „Forsætisráðherra er ráðherra Seðlabankans og ég hef ekki tekið neina slíka ákvörðun og hyggt ekki gera,“ sagði Geir í viðtalinu.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær

sætir bókun sem þessi miklum tíðindum en afar fátítt er að bókunir séu gerðar á ríkisstjórnarfundum.

Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, segist vart muna eftir að slík bókun hafi verið gerð í hennar ráðherratíð. Reyndar sé rík hefð fyrir því, sem hún muni ekki að hafi verið rofin á meðan hún gegndi embætti, að ráðherrar taki ekki upp mál sem heyra undir annan ráðherra. „Þarna hefur mál sem heyrir undir forsætisráðherra verið tekið upp af öðrum ráðherra sem sætir einnig tíðindum.“

Hvorki Geir H. Haarde, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir né Össur Skarphéðinsson svöruðu skilaboðum Fréttablaðsins.

- kdk / sjá síðu 4



TÍHÖFÐI? Þær voru ansi samrýndar álfittinar tvær sem ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á í gær, svo samrýndar reyndar að vart mátti á milli sjá hvort þarna væri á ferðinni einn fugl eða tveir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Félag í eigu Jóns Ásgeirs: Kaupir fjölmiðlahluta 365

VIÐSKIPTI Félagið Rauðsól ehf., sem er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, hefur keypt fjölmiðla sem voru í eigu 365. Með í kaupunum er 36,5 prósent hlutur í Árvakri. Rauðsól mun greiða einn og hálfan milljarð í reiðufé og yfirtaka skuldir fyrir tæpa fimm milljarða.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Jón Ásgeir og Ari Edwald, forstjóri 365, segja báðir að í raun sé um hlutfjárukaungu að ræða. Öllum hluthöfum verði boðinn hlutur í nýja félaginu í samræmi við núverandi hlutafé, og að sögn Jóns Ásgeirs hafa um 90 prósent hluthafa lýst því yfir við hann að þeir muni taka þátt í nýja félaginu.

- þeb / sjá síðu 6

Forsetaframbjóðendur í Bandaríkjunum herja á lykirlíki á lokasprettinum:

Síðasti dagur kosningabaráttu

BANDARÍKIN, AP John McCain og Barack Obama eyða nú síðustu dögum kosningabaráttunnar í þeim ríkjum þar sem flokkar þeirra biðu ósigur í síðustu kosningum. Þeir hafa líka beint sjónum sínum að þeim ríkjum þar sem munurinn á milli þeirra er hvað minnstur. Kosnið verður til forseta í Bandaríkjunum á morgun.

McCain heimsótti Pennsylvaníu

og New Hampshire í gær. Á miðnætti var hann kominn til Flórída og mun í dag heimsækja Virginíu, Indíana, Nýju-Mexíkó og Nevada. Hann mun svo koma við í Tennessee á leið sinni til Arizona á þriðjudag. Obama eyddi gærdegnum í Ohio, en í dag mun hann heimsækja Flórída, Norður-Karólínu og Virginíu. Á þriðjudag verður hann í heimaborg sinni Chicago.

Á laugardagskvöld höfðu yfir 27 milljónir manna kosið utan kjörfundar í þrjátíu ríkjum en aldrei hafa fleiri kosið utan kjörfundar. Skoðanakannanir benda enn til þess að Obama muni sigra á morgun en samkvæmt könnun sem AP-fréttastofan gerði í samstarfi við Yahoo er einn af hverjum sjö kjósendum óákveðinn, eða um fjórtán prósent.

- þeb

Kafbátur mánaðarins

BMIT

6 tommu bátur

329kr.

Gildir í nóv. 08. Gildir ekki með öðrum tilboðum s.s. Stjórnsmáli

TENGI

Sphinx

Mikið úrval af upphengdum salernum

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 tengi.is

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi Baldursnesi 6 • Akureyri



Einar, starfar Davíð í þínu umboði?

„Ef Davíð verður alveg umboðslaus er vert að athuga hvort hann þurfi umboðsmann.“

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að ráðherrar Samfylkingarinnar hafi á ríkisstjórnarfundum lagt fram bókun þess efnis að Davíð Oddsson seðlabankastjóri starfi ekki í þeirra umboði. Einar Bárðarson hefur verið nefndur umboðsmaður Íslands.

Breytingar í húsnæðismálum: Búseturéttur vinsælli kostur

NEYTENDUR Fyrirséð er að breytingar verði á vali lands-



GÍSLI ÖRN BJARNHÉÐINSSON

mannna í húsnæðismálum í kjölfar þeirra efnahagsferfiðleika sem nú dynja á þjóðinni. Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri húsnæðissamvinnufélagsins Búseta, telur að fleiri eigi eftir að kjósa búseturétt. „Ég held að fjöldi þeirra komi til með að aukast á næstunni í ljósi atburða liðinna vikna,“ segir hann.

Búseturréttur byggir á þeirri hugmynd að menn fá eign lánaða ótímabundið og á kostnaðarverði gegn aðild að húsnæðissamvinnufélagi.

- vp/sjá Allt í miðju blaðsins

Björgunarsveitir leita:

Skyttu leitað á Vesturlandi

LEIT Björgunarsveitir Landsbjargar á Vesturlandi voru í gær kallaðar út til að leita að rjúpnaskyttu sem saknað var við Beilárheiði við Langavatn á Mýrum. Maðurinn var við veiðar ásamt félaganum en skilaði sér ekki að bil þeirra á tilsettum tíma seinnipartinn í gær. Maðurinn var þó í talstöðvarsambandi fyrst um sinn. Þá var hann óslasaður en villtur. Maðurinn var ekki fundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Þetta er þriðja útkall björgunarsveita vegna rjúpnaskyttu þessa fyrstu helgi rjúpnaveiðitímabilsins en í fyrradag sóttu björgunarsveitir dreng sem var á veiðum með föður sínum og féll í klettum og mann sem brotnaði illa þegar hann féll í hlíf.

- kh

Tvær konur og tveir karlar vígð til prestsþjónustu í Dómkirkjunni í gær:

Vígður til prests á sjötugsaldri

TRÚMÁL Karl Sigurbjörnsson biskup vígði í gær fjóra kandiðata í guðfræði til prestsþjónustu í Þjóðkirkjunni. Árni Svanur Daniéls-son, Elína Hrund Kristjánsdóttir, Hjörtur Pálsson og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir voru vígð í Dómkirkjunni í gærdag.

Vígslan var nokkuð sérstök, því Hjörtur er að öllum líkindum elsti maðurinn sem hefur verið vígður til prests hér á landi. „Hann er að minnsta kosti elsti prestur sem við munum eftir að hafi verið vígður,“ segir Steinunn Arnþrúður, en hún hefur starfað sem verk-efnisstjóri hjá Biskupsstofu og hefur nú verið kölluð til prests-

þjónustu þar. „Það er ekki hægt að fullyrða hvernig þetta var fyrr á öldum. Á síðustu öld var einn maður vígður 66 ára gamall, en Hjörtur er 67 ára.“ Hjörtur hefur verið ráðinn sérþjónustuprestur á Biskupsstofu. Hann mun vera í afleysingaþjónustu með sérstakar skyldur við Hóladómkirkju. Þá hefur Elína Hrund verið sett sóknarprestur í Reykhólaprestakalli, og Árni Svanur hefur verið kallaður til prestsþjónustu á Biskupsstofu til þess að sinna trúfræðslu á vefnum. Að sögn Steinunnar Arnþrúðar er þetta í fyrsta skipti sem prestur er vígður til þess að sinna vefmálum.

- þeb



VÍGSLAN Karl Sigurbjörnsson biskup vígði fjóra presta í gærdag. Hann er hér ásamt prestunum fjórum og vígsluvottum.

MYND/PÓRIR GUÐMUNDSSON

Gordon Brown við Persaflóa:

Brown vill hjálp Sádi-Arabíu

SÁDI-ARABÍA, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, er vongóður um að Sádi-Arabía muni styrkja Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Brown er í fjögurra daga ferð um Persaflóa og hefur fundað með ráðamönnum í Sádi-Arabíu og Katar.

Brown segir að auka þurfi fé í gjaldeyrissjóðnum um hundruð milljarða dollara til þess að takast á við fjármálakreppuna. Í sjóðnum eru 250 milljarðar dollara, en þrjátíu milljörðum verður veitt í aðstoð til Ungverjalands, Úkraínu og Íslands. Búist er við því að Pakistan óski eftir aðstoð sjóðsins bráðlega.

- þeb

Leikskólar geta valið á milli umsækjenda

Leikskólar, sem búið hafa við manneklu árum saman, geta nú valið á milli hæfra umsækjenda. Sprenging hefur orðið í umsóknum um störf á leikskólum.

VINNUMARKAÐUR „Það hefur orðið algjör sprenging á síðustu tveimur vikum. Á föstudag liðu fimm mínútur milli símtala um umsóknir hjá okkur. Í báðum tilfellum voru það grunnskólakennarar að spyrjast fyrir um störf,“ segir Bjarney Magnúsdóttir, leikskólustjóri á Hvarfi í Kópavogi. „Nú eru leikskólarnir komnir í þá stöðu að geta valið á milli hæfra umsækjenda. Það er mikill munur. Áður þurfti maður nánast að taka það sem bauðst.“

Bjarney tók við stöðu leikskólustjóra á Hvarfi fyrir hálfu ári. Hún segist finna verulegan mun á starfinu frá þeim tíma. Það er ekki lengra síðan í ágúst sem foreldrar barna á Hvarfi fengu tilkynningu um skerta þjónustu á leikskólanum vegna manneklu. Það ástand varði í nokkrar vikur. Á þeim tíma voru níutíu börn í leikskólanum. Nú á einungis eftir



RAGNHILDUR ERLA BJARNADÓTTIR

að manna þrjár stöður. Á næstu vikum má gera ráð fyrir að börnin verði orðin 120. Leikskólinn verður þá fullur af fólki, börnum sem fullorðnum. Bjarney er ánægð með að nú sé loks búið að leysa þennan vanda, þótt gremjulegt sé að kreppu þurfi til þess að manna leikskólana. „Við erum glaðar yfir því að geta farið að velja úr fólki. En það er ómurlegt að það skuli vera á þeim forsendum að fjöldi



LEIKSKÓLI Nú sér fyrir endann á manneklunni á Hvarfi sem hefur verið viðvarandi allt frá opnun leikskólans árið 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

manns sé að missa vinnuna.“ Hún er bjartsýn á að framvegis verði tekið tillit til þess að leikskólakennarar eru að hjálpa til við að ala upp framtíð landsins. Það skipti máli að fólk með menntun, getu og kunnáttu haldist í því starfi.

Í Reykjavík er hið sama uppi á teningnum. Borgin er hætt að auglýsa eftir nýju starfsfólki á leikskóla borgarinnar á vef sínum. Fjöldi umsókna hefur borist og því stutt í að allar stöður verði

mannaðar í leikskólum borgarinnar og öll pláss fyrir börn nýtt. „Við erum með margar umsóknir í pipunum. Ég get ekki ímyndað mér annað en að við náum að fullmanna alla leikskólana á allra næstu dögum eða vikum,“ segir Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. „Við höfum verið að fá umsóknir frá fólki með góða reynslu og menntun. Það er mikill munur frá því sem verið hefur.“

holmfridur@frettabladid.is

ÁHÆTTULISTI CREDIT SUISSE

Ísland	229
Bretland	155
Bandaríkin	148
Brasilía	127
Rússland	111
Indland	95
Kína	54

Áhættumat Credit Suisse:

Verst að fjárfesta á Íslandi

VIBSKIPTI Ísland er nú í efsta sæti á lista svissneska bankans Credit Suisse yfir þau lönd þar sem áhættusamast er að fjárfesta. Seattle Times greindi frá þessu í gær og sagði niðurstöðurnar ekki koma á óvart í ljósi þess að bankakerfi landsins hafi hrundið.

Við röðun á listann er meðal annars tekið tillit til stöðu efnahagsmála í landinu, skulda og eigna landsins og vöruskipta.

Skoðuð voru 35 ríki og var Ísland með flest stig á áhættulistanum eða 229.

- þo

Sveitarstjórn í Bláskógabyggð:

Meirihluti fellir lækun launa

SVEITARSTJÓRNIR „Ef samstaða næst um það meðal starfsmanna Bláskógabyggðar að lækka laun sín þá munu stjórnendur örugglega taka þátt í því,“ sögðu fulltrúar meirihluta D-listans í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þegar þeir felldu tillögu minnihluta T-listans um að laun bæði æðstu stjórnenda sveitarfélagsins og sveitarstjórnarmanna yrðu einhliða lækkuð um 20 prósent.

„D-listinn vill benda einstökum sveitarstjórnarmönnum á að ef þeir vilja lækka við sig laun fyrir störf sín í sveitarstjórn þá er þeim það heimilt,“ bættu fulltrúar meirihlutans við áður en þeir felldu einnig viðbótartillögu um 20 prósent launalækun allra kjörinna sveitarstjórnarmanna. - gar

Beðið eftir því að geta bjargað hreindýri og prófað nýju deyfibyssuna um leið:

Plasttarfur á Fljótdalshéraði

NÁTTÚRA Rusl í náttúrunni getur valdið skepnum þjáningum og jafnvel dauða. Dæmi um slíkt er þegar vír vefst um horn og háls hreindýra að sögn Skarphéðins G. Þórissonar, hreindýrafræðings á Náttúrustofu Austurlands. Til að geta komið dýrum til bjargar sem lent hafa í háskva vegna hirðuleysis manna hefur verið keypt deyfibyssa. Ekki reyndist þó þörf að grípa til hennar þegar hinn myndarlegi tarfur sem sjá má á meðfylgjandi mynd sást umfarni plasti við girðingar gegnt Grímstorfu.

„Ég sagði nú í gríni að því miður ógnaði þetta ekki lífi hans því þá höfðum við ekki tækifæri til að prófa nýju deyfibyssuna sem dýralæknirinn er með,“ segir Skarphéðinn en ítrekar að um grín hafi verið að ræða. Plastið mun hafa losnað af tarfinum daginn eftir að farið var að fylgjast með honum. Ekki séu þó öll dýr svo heppin. Árlega finnst skepnur sem hafa lent í hremmingum vegna rusls í náttúrunni; plast, girðingahlutar, símavírar, netadræsurr og annað slíkt getur valdið þeim ómældum þjáningum, jafnvel dauða. Þótt hreindýr felli hornin árlega komi það fyrir að draslið vefjist um fætur þess og háls auk þess sem dýr hafi fest saman á hornunum eftir



PLASTTARFURINN Þessi tarfur var heppinn að losna við plastið. Margir þeirra lenda í því að bera jafnvel þyrnikórónur úr gaddavir eða ýmislegt annað sem valdið getur skaða og jafnvel dregið þá til dauða.

MYND/NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

að hafa stangast á. Skarphéðinn hvetur menn því til að hreinsa til í kringum sig.

- kdk

Nám í verðbréfavíðskiptum

Nám til undirbúnings prófs í verðbréfavíðskiptum



Framúrskarandi kennarar

Staðnám og fjarnám

Fyrirlestrar á netinu



II. hluti hefst 12. nóvember
Skráning stendur yfir á endurmenntun.is

Skapaðu þér nýja veröld!



VERÖLD NOVA

Veröld Nova er einkaskemmtistaður viðskiptavina Nova. Þar getur þú fylgst með fréttunum á mbl.is, Stöð 2, RÚV og CNN. Þú getur einnig horft á myndskaið úr Ríkinu, Dagvaktinni, Næturvaktinni, horft á tónlistarmyndbönd og vafrað um netið að vild. Upplifðu Veröld Nova!



Netið í símann
frítt til 1. jan!

0 kr. Nova
í Nova!

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lág múla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	120,05	120,63
Sterlingspund	194,2	195,14
Evra	153,07	153,93
Dönsk króna	20,555	20,675
Norsk króna	17,902	18,008
Sænsk króna	15,413	15,503
Japanskt jen	1,2304	1,2376
SDR 178,74 179,8		

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,7121
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Steingrímur J. segir bókun Samfylkingar merkingarlausa nema stjórnarsamstarfið sé sett að veði:

Seðlabankastjóri situr víst í umboði flokksins

STJÓRNMÁL „Þetta er einhvers konar áróðursfriðþægingarleikur af hálfu Samfylkingarinnar sem eykur ekki trú mína á ástandinu á stjórnarheimilinu,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um bókun Samfylkingarinnar. Hann segir bókunina afar sérstaka og bendir á að þótt stjórn Seðlabanka heyrir undir forsætisráðuneytið geti Samfylkingin ekki firt sig ábyrgð. „Samkvæmt stjórnskipun landsins og lögum um ráðherraábyrgð bera ráðherrar ábyrgð á framvindu sinna málaflokka og síðan ríkisstjórnin sam-eiginlega ábyrgð á stefnu og starfi

„Ef það er skoðun Samfylkingarinnar að Seðlabankinn og stjórn hans sé óhæf þá beinist þessi bókun fyrst og fremst að Geir H. Haarde.“

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA



stjórnarinnar í heild. Ef Sjálfstæðisflokkurinn kæmi á morgun og segði að hann bæri ekki ábyrgð á Fjármálaeftirlitinu, sem heyrir undir Björgvini G. Sigurðsson, hvers konar stjórnskipan er þá orðin í landinu?“

Steingrímur segir að með bókun hans sé óhæf þá beinist þessi bókun fyrst og fremst að Geir H. Haarde,“ segir Steingrímur og bætir því við að meðan Samfylkingin setji brottvikningu stjórn Seðlabankans ekki sem skilyrði fyrir áframhaldandi stjórnarsamstarfi sé bókunin í raun merkingarlaus. Davíð sitji enn í umboði Samfylkingar.

„Þetta rökstyður kröfuna um að það þarf að kjósa um leið og unnt er svo ný stjórn með nýtt umboð geti endurskipulagt ríkisbúskapinn og starfsemi þessara mikilvægu stofnana sem undir ráðuneytin heyrja,“ segir hann.

Valgerður Sverrisdóttir: Man ekki eftir annarri bókun

STJÓRNMÁL Bókanir á ríkisstjórnarfundum eru afar fátíðar og um þær eru takmarkaðar heimildir til. Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, segist ekki muna eftir að bókun hafi verið gerð í hennar ráðherratíð sem stóð í sjö og hálf ár.

Reyndar sé ríkið hefð fyrir því, sem hún muni ekki eftir að hafi verið rofin á meðan hún gegndi embætti, að ráðherrar taki ekki upp mál sem heyrir undir annan ráðherra. „Þarna hefur mál sem heyrir undir forsætisráðherra verið tekið upp af öðrum ráðherra sem sætir einnig tíðindum,“ segir hún.

Lúðvík Bergvinsson: Samþykki Sjálfstæðisflokks ekki skilyrði

EFNAHAGSMÁL „Sumir telja að hlutverk stjórnvalda sé að vera vettvangur hugmynda, endursköpunar og verkfæri fyrir bættu samfélagi. Aðrir telja að hlutverk flokka sé að standa vörð um einhverja stefnu, hversu vitlaus sem hún sé,“ sagði Lúðvík Bergvinsson, þegar hann var spurður um skoðun sína á málefnum tengdum stjórnskipun í Seðlabankanum.

Þá segir hann furðulegt að Samfylkingarfólk sé sagt í stjórnarandstöðu sé það ekki sammála stefnu Sjálfstæðismanna. Báðir flokkar séu í stjórn og því sé eins vitlaust að tala um að Sjálfstæðismenn séu í stjórnarandstöðu séu þeir ekki sammála Samfylkingarfólki.

Útilokað er að ná fram trúverðugri peningamálastefnu, bæði innanlands og utan, án þess að gera breytingar í Seðlabankanum,“ segir hann.

Samfylkingin hefur hag af ólgu innan Sjálfstæðisflokks

Samfylkingin getur ekki firt sig ábyrgð á stjórn Seðlabankans með bókun. Stjórn málafræðingur segir ólguna innan Sjálfstæðisflokksins ef til vill meira áhyggjuefni en ágreining milli stjórnarflokka.

STJÓRNMÁL „Ég tel þetta ekki vera stjórnarslitamál og það kæmi mér mjög á óvart ef menn mætu þá svo,“ segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands, um ágreininginn innan ríkisstjórnarinnar.

Ljóst er að mikil óánægja er með störf stjórn Seðlabankans í röðum Samfylkingarmanna. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði til að mynda í viðtali við Morgunblaðið á laugardag að aðgerðir og yfirlýsingar yfirlýsingar Seðlabankans orkuðu „mjög tvímælis“ og slíkt gæti ekki gengið til lengdar. Aðrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa tekið í sama streng.

Ólafur segir bókun Samfylkingarinnar þess efnis að stjórn Seðlabankans starfi ekki í hennar umboði ákaflega sérstaka. Allir stjórnarflokkarnir beri ábyrgð á stjórn Seðlabankans og undan henni sé ekki hægt að koma sér með bókun. „Það hefur verið svolíttill misskilningur á Íslandi að hver ráðherra beri ábyrgð á sínum málefnum, vissulega er það ráðherrann sem er ábyrgur lagalega en hins vegar eru þeir flokkar sem standa að stjórninni ábyrgir fyrir stefnu stjórnarinnar í heild og bera pólitíska ábyrgð á stefnunni í einstökum ráðuneytum,“ útskýrir hann.

Undir þetta tekur Gunnar Helgi Kristinnsson stjórn málafræðingur. „Ríkisstjórnarfundir eru trúnaðarfundir og því engin sérstök ástæða til að leggja fram bókanir sem þessar. Bókunin er því trúlega táknræn yfirlýsing, nema menn hafi ætlað sér að láta þetta leka út og þannig sé þetta þáttur í einhverju pólitísku spili,“ segir Gunnar.

GEIR H. HAARDE Í KASTLJÓSI

Sigmar Guðmundsson (SG) ræddi við Geir H. Haarde (GHH) í Kastljósi RÚV miðvikudagskvöldið 22. október. Hér er brot af því sem þeim fór á milli.

SG: „Seðlabankinn, hann ber ábyrgð að margra mati. Af hverju situr bankastjórnin þar enn þá?“

GHH: „Það er ekki út ... Það kemur ekki til greina að persónugera þann vanda sem núna er við að fást í þeim þrem mönnum sem sitja í bankastjórn Seðlabankans. Það er ekki hægt að kenna þeim um þetta sem einstaklingum.“

SG: „Stefna bankans hefur beðið skipbrot, hún nýtur ekki trausts hvorki hér innanlands né erlendis. Er ekki fyrsta verk að fá nýja menn, með nýja stefnu, í nýrri stjórn til þess að endurverkja traustið?“

GHH: „Ég fellst ekki á þessar for-

sendur sem þú ert með í spurningunni og þess vegna er svarið augljóst. Ég tel ekki að þeir eigi að víkja.“

SG: „Þetta er ekki forsenda sem ég gef mér. Ég er bara að tala út frá þeirri gagnrýni sem er almennt í samfélaginu, til að mynda í Samfylkingunni sem þú ert í stjórn með.“

GHH: „Ég fellst ekki á þessa gagnrýni.“

SG: „Munu þeir víkja á næstunni?“

GHH: „Ekki af mínum völdum.“

SG: „Hefur það verið rætt í ríkisstjórninni?“

GHH: „Nei, nei, það hefur ekki verið rætt. Ekki, ekki, ja, nei, nei ... það hefur ekki verið rætt ... Sko, þetta ... bankinn heyrir undir mig. Forsætisráðherra er ráðherra Seðlabankans og ég hef ekki tekið neina slíka ákvörðun og hyggst ekki gera.“



ÓLAFUR Þ. HARÐARSON

Hann segir mikilvægt fyrir Samfylkinguna að skapa ákveðið bil milli sín og Sjálfstæðisflokksins sem nú gjaldi fyrir ástandið í þjóðfélaginu



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

og sá hópur er byrjaður að toga. Það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir Geir að spila úr því án þess að fara beinlínis gegn Davíð Oddssyni og þeirri stefnu sem hann skapadi á sínum tíma,“ segir Gunnar og bætir því við að Samfylkingin hafi hag af því að hreyfa við þessari ólgu innan Sjálfstæðisflokksins. „Þetta er vandasamur linudans. Það gæti vel soðið upp úr og það er hvorugum flokknum til góðs,“ segir Gunnar.

TÍMAÁS

- 29. september** Glitnir þjóðnýttur
- 30. september** Davíð Oddsson er viðstaddur ríkisstjórnarfund og viðrar hugmyndir um þjóðstjórn.
- 3. október** Samfylkingin lætur bóka á ríkisstjórnarfund að seðlabankastjórn starfi alfarið í umboði Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingin styðji þá ekki í því embætti.
- 15. október** Seðlabankinn lækkar stýrivexti í 12,5 prósent.
- 22. október** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir í viðtali í Kastljósi að það hafi ekki verið rætt innan ríkisstjórnarinnar að seðlabankastjórnin víki.
- 28. október** Seðlabankinn hækkar stýrivexti í 18 prósent.
- 29. október** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir í hádegisfréttum RÚV að IMF hafi ekki hlutast til um stýrivaxtahækkunina, ákvörðunin hafi verið tekin hjá Seðlabankanum.
- 30. október** Seðlabanki Íslands sendir frá sér athugasemd þess efnis að ákvörðun um stýrivaxtahækkun hafi verið ákvörðun milli ríkisstjórnarinnar og sendinefndar IMF.
- 31. október** Samfylking itrekar bókun sína á ríkisstjórnarfund um að seðlabankastjórn starfi ekki í hennar umboði.

Geir H. Haarde sagði í viðtali í Kastljósi RÚV miðvikudaginn 22. október að það hafi ekki verið rætt innan ríkisstjórnarinnar að stjórn Seðlabankans víki. Þá voru tæpar þrjár vikur síðan Samfylkingin lagði fram bókun sína. Brot úr viðtalinu er birt hér til hliðar. Ekki náðist í Geir H. Haarde við vinnslu fréttarinnar.

thorgunnur@frettabladi.is



Stelpur á öllum aldri ath.

Nú er búðin full af skvísufötum, stærðir frá S - 3x.

Kjólar, mussur, skytur, toppar, peysur, leggings, úlpur, gallabuxur í miklu úrvali og margt fl.

Ný fót í hverri viku, og **lygilegt verð!**

Verið velkomnar, alltaf heitt á könnunni.

Fallegar vörur og frábært verð, sjón er sögu ríkari

Diddy.is
Faxafeni 14.

VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

MILDIR DAGAR

Sé horft heildrænt yfir veðrið næstu daga er ekki að sjá annað en að milt verði á landinu næstu 10 daga eða svo. Lægðir verða tíðar á þessum tíma og því almennt vætusamt sunnan til og vestan en þurrara annars staðar. Þá verður og vindasamt. Vestan til verður vindur meiri austan til en auðvitað lægri ávallt á milli lægðanna.

Á MORGUN Vaxandi SA-átt, 10-18 m/s síðdegis.

MIÐVIKUDAGUR 3-10 m/s, stífastur vestan til

HEIMURINN

Alicante	18°
Amsterdam	12°
Basel	16°
Berlin	12°
Billund	12°
Eindhoven	14°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	23°
London	13°
New York	16°
Orlando	27°
Osló	5°
Paris	14°
Róm	23°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s. Hitastigi eru í °C. Gildistími korta er um hádegis.



**Komdu
nordur!**



Matur



Verslun



Listir



Afþreying

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Vetrarparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, lystigarður, keilusalur, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsögðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir og aðrir gisti möguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði - munið bílastæðaklukkurnar.
- Gott úrval verslana í miðbænum, Glerártorgi og víðar.

visitakureyri.is og nordurland.is

KJÖRKASSINN



Telur þú Davíð Oddsson hafa skaðað orðspor Sjálfstæðisflokksins að undanfögnu?

Já 86,4%
Nei 13,6%

Er rétt að þjóðin fái að ganga til kosninga innan skamms?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Ný bók Arnaldar Indriðasonar, Myrká, kom út hinn 1. nóvember að venju:

Bækur hækka hóflega í verði

MENNING Myrká, ný bók Arnaldar Indriðasonar, kom í bókaverslanir á laugardaginn. Frá upphafi hafa bækur Arnaldar komið út 1. nóvember og er þeirri venju haldið í ár.

Fyrst um sinn verður Myrká á kynningartilboði víðast hvar og mun til dæmis kosta 3.590 krónur í bókaútdönnun Pennans. Leiðbeinandi verð hennar er 4.790 krónur.

Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum, segir verð á bókum Arnaldar gott dæmi um hóflegar verðhækkningar á bókum. „Mýrin kom út árið 2000 og kostaði þá 3.990 krónur. Arnaldar-bókavísitalan hefur því ekki hækka-




BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR verslunarstjóri.

að nema um tuttugu prósent á átta árum.“ Á sama tímabili hefur vísitala neysluverðs, sem mælir breytingar á almennu verðlagi, hækkað um sextíu prósent.

Bryndís segir þetta því að þakka að margar bókaútgáfur halda verði sínu til smásala óbreyttu í ár. Aðrir hafi haldið hækkingum í lágmarki eða í kringum fimm prósent.

Jólin verða skáldsagnajól en

halla mun á hvers kyns betrunarbækur, gangi spádómur Bryndísar eftir. „Ég held að fólk sé tilbúið til að hverfa aðeins inn í annan heim og þess vegna komi skáldsögurnar sterkar inn. Ég held hins vegar að fáir hafi viðbótarorku í að betrumbæta sig núna.“ - hhs



MYRKÁ ARNALDAR Verð á bókum Arnaldar Indriðasonar, sem og annarra, hefur hækkað lítið í sambandi við almennt verðlag.

Fjármálaráðherra:

Vill selja tóbak í fríhöfninni

STJÓRNMÁL Árni Mathiesen fjármálaráðherra vill að tóbak verði áfram selt í fríhöfnum enda aflar sala þess tekna í ríkissjóð. Þá sé tóbak dæmigerð vara í fríhvarnarsvæðum um allan heim.

Þetta kemur fram í svari ráðherrans við fyrirspurn Ástu Möller Sjálfstæðisflokki.

Í svari segir að rúmlega tólf hundruð þúsund vindlingapakkar hafi selst í fríhöfn landsins á síðasta ári. Það eru átta prósent af allri tóbakssölu. Fram kemur að verð á sigarettupakka í fríhöfn sé um 299 krónur en 620 krónur út úr búð. Munurinn liggir í tóbaksgjaldi og virðisaukaskatti. - bps



VIÐSKIPTI Í LÖNDUM ÍSLAMS

AUKINN SKILNINGUR – AUKIN VIÐSKIPTI

Námskeið á vegum Útflutningsráðs um siði og venjur í löndum íslams verður haldið á Hilton Hótel Nordica 12. nóvember frá kl. 09-17.

Fyrirlesari er Richard McCallum frá Farnham Castle International Briefing and Conference Center.

Skilningur á sjaría eða lögum íslams er mikilvægur fyrir þá sem eiga viðskipti í löndum þar sem íslömsk trú er ríkjandi. Umburðarlyndi, skilningur á menningu og trúarlegum málefnum, og þekking til að forðast árekstra eru allt forsendur fyrir því að ná árangri í viðkomandi löndum.

Námskeiðið felur í sér stutta kynningu á íslam, útskýringu á sjaría, svæðisskipta yfirsýn yfir sjaríalögin og umræður um ályktanir sjaría um erlenda starfsmenn og fyrirtæki.

Verð **19.000 kr.** Hádegisverður er innifalinn. Takmarkaður fjöldi þátttakenda.

Skráning er hafin í síma **511 4000** eða með tölvupósti, **utflutningsrad@utflutningsrad.is**.

Nánari upplýsingar veita Inga Hlín Pálsdóttir, **inga@utflutningsrad.is** og Hermann Ottósson, **hermann@utflutningsrad.is**.



ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • www.utflutningsrad.is

Félag Jóns Ásgeirs kaupir fjölmiðla 365

Rauðsól, nýtt félag í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, hefur keypt fjölmiðlahluta 365. Salan var gerð að tillögu Landsbankans. Jón Ásgeir segir um hlutafjárukningu að ræða og öðrum hluthöfum verði boðið hlutafé í nýja félaginu.


VIÐSKIPTI Félagið Rauðsól ehf., sem er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, hefur keypt fjölmiðlahluta 365 miðla. Stjórn 365 samþykkti kaupin á fundi sínum á laugardag. Rauðsól mun greiða 1500 milljónir króna fyrir 365 miðla, auk þess sem félagið mun yfirtaka skuldir sem eru 4,4 til 4,9 milljarðar.

Jón Ásgeir Jóhannesson og Ari Edwald, forstjóri 365, segja báðir að í raun sé um hlutafjárukningu að ræða. Jón Ásgeir segir að félagið muni ekki verða alfarið í sinni eigu. Öllum hluthöfum í 365 verði boðið hlutafé í nýja félaginu í samræmi við núverandi hlutafjáreign sína. „Ég býst ekki við öðru en að þetta verði sömu hluthafar og eru í félaginu í dag,“ segir Jón Ásgeir. „90 prósent þeirra sem eiga í 365 í dag hafa tjáð mér að þeir ætli sér að eiga í þessu félagi.“ Að sögn Ara Edwald munu hluthafar í 365 hafa frest til 20. nóvember til þess að ákveða hvort þeir taki þátt og því muni eignarhaldið skýrast á næstu vikum. Hann segir jafnframt að ákvörðunin um sölu hafi verið tekin samkvæmt tillögu Landsbankans, viðskiptabanka 365.

Starfsemi 365 er skipt í tvennt. Undir fjölmiðlahlutann, 365 miðla, falla meðal annars Stöð 2, Vísir.is og Bylgjan. Fyrr í mánuðinum var Fréttablaðið selt frá 365 miðlum til Árvakurs, en 365 eignaðist 36,5 prósent hlut í Árvakri. Sá hlutur fylgir með í kaupum Rauðsólur ehf. Það sem eftir stendur í 365 er affreyngarfyrirtækið Sena, og EFG, sem meðal annars rekur Saga Film. Skuldir 365 eru rúmir þrjú milljarðar eftir sölu um helgina. Að auki er Jón Ásgeir stór hluthafi í Stodum Invest, sem eiga útgáfufélagið Birting. Birtingur gefur út DV auk þess að vera



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



* MED FYRIRVARA UM SAMÞYKKI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

stærsti útgefandi tímarita á landinu.

Allir stjórnarmenn 365, að Árna Haukssyni undanskildum, samþykktu kaupin á fundi sínum á laugardaginn. Árni greiddi atkvæði gegn kaupunum og sagði sig úr stjórninni. Ekki náðist í

Árna í gær, en að sögn Jóns Ásgeirs hafði hann selt sinn hlut í fyrirtækinu og sagði sig úr stjórninni af þeim sökum. Þá náðist ekki í Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra vegna málsins.

thorunn@frettabladid.is

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um Evrópusambandið:

Tilbúin að endurskoða afstöðu

EVROPUMÁL Ræða verður alvarlega um aðild að Evrópusambandinu, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra í þættinum Mannamáli á Stöð 2 í gærkvöldi.

Þorgerður sagðist alltaf hafa verið efasemdarmaður og eindregið stutt þá stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi sett fram. Flokkurinn hafi metið það svo að aðild að EES hafi sinnt þörfum og hagsmunum Íslands. Nú séu aðstæður hins vegar allt aðrar. Fjármálakerfið sé hrundið og alþjóðleg kreppa ríki, og því beri okkur skylda til að horfast í augu

við þessa nýju tíma. Það þurfi að meta hagsmunina upp á nýtt, og það sem fyrst. Þá hafi hún ekki bara efnahagsmálin í huga, heldur verið að horfa til Evrópusambandsins þegar kemur að til dæmis utanríkis- og öryggismálum.

„Þá verðum við, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að ræða Evrópusambandið mjög alvarlega,“ sagði Þorgerður Katrín og bætti við að ef hagsmunamatíð segði að hagsmunum landsins sé betur borgið með því að ganga í sambandið þá sé hún tilbúin til að endurskoða sína afstöðu. - þeb



MENNTAMÁLARÁÐHERRA Segist tilbúin til að endurskoða afstöðu sína til Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



2000 titlar með einum takka á fjarstýringunni

Með Sjónvarpi Símans opnast þér aðgangur að öllum íslensku sjónvarpsstöðvunum og yfir 60 erlendum stöðvum í bestu mögulegu myndgæðum. Þú færð einnig aðgang að SkjáBíói þar sem þú getur leigt um 2000 þætti og bíómyndir. Pantaðu Sjónvarp Símans á siminn.is, í 800 7000 eða næstu verslun Símans.

800 7000 • siminn.is

Við tengjum Sjónvarp Símans án þess að taka krónu fyrir!*

Það er Síminn 



Sími



Netið



Sjónvarp

*Gegn 6 mánaða bindingu í ADSL hjá Símanum.

VEISTU SVARID?




- 1 Hvaða fyrrverandi barnastjarna teiknar nú skýjaklúfa í Danmörku?
- 2 Hver er formaður verkalýðsfélags Húsavíkur?
- 3 Hvaða þingmaður Sjálfstæðisflokks vill leggja af aðstoðarmenn landsbyggðarþingmanna?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Neytendur: Ódýrasti ferðamátinn

Ódýr nagladekk undir hjólið



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Að eiga bíl er ekkert grín á krepputímum, hvað þá ef skríðururinn er á súrrealískt hækandi myntkörfuláni. Ína Ólafsdóttir notar því hjól til að komast á milli áfangastaða og leitaði nýlega ódýrustu lausnar við að setja hjólfákinn á nagladekk. „Ég hringdi í nokkrar sérverslanir með reiðhjól og verð á einu stykki af nagladekki var á bilinu 5.000-7.000 kr. Verðið fer eftir fjölda nagla í dekki. Síðan á eftir að kaupa þjónustu til að setja þau undir,“ skrifar Ína og bætir



við: „Þar sem mér fannst þetta allt of dýrt ákvað ég að athuga hvort fyrirtæki sem ég lét yfirfara hjól hjá í haust væri með nagladekk til sölu. Hjá Verklaginn, Vagnhöfða 8, fékk ég tvö ný og fín nagladekk og þau sett undir á innan við fjórum tímum fyrir kr. 4.900. Frábær þjónusta og vonandi nýta aðrir hjólfreidamenn sér þetta góða verð.“

HJÓLAD UM HÁVETUR Best að vera á nöglum í svona færi.

Utanríkisráðherra Noregs: Fundar með ráðherrum

STJÓRNMÁL Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, kemur í opinbera heimsókn til Íslands í dag, í boði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra. Þar með endurgeldur hann heimsókn Ingibjargar Sólrúnar til Noregs í fyrrasumar.

Utanríkisráðherrarnir munu á fundi sínum ræða samskipti ríkjanna, efnahagsmál og horfur í alþjóðamálum. Þá mun Støre funda með forsætisráðherra, Geir H. Haarde, auk þess sem hann heldur fyrirlestur í Háskóla Íslands um Norðurslóðir og er ræðumaður á opnum fundi Samfylkingarinnar í Iðnó. - kh

Stúdentaráð HÍ ályktar: Fagnar skjótum viðbrögðum ríkisstjórnar

EFNAHAGSMÁL Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar því að ríkisstjórnin hafi brugðist svo skjótt við þeim vanda sem íslenskir námsmenn hafa átt við að etja síðustu daga, sérstaklega þeir stúdentar sem stunda nám sitt erlendis, að því er segir í ályktun frá ráðinu.

Samkvæmt ályktuninni fagnar Stúdentaráð því að menntamálaráðherra hlusti á kröfur stúdenta og taki mið af þeim tillögum sem stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna lagði til í formi neyðarúrbóta í þeim aðstæðum sem skapast hafa á fjármálamörkuðum. - kh

Fangelsismálastofnun semur við Ekron:

Úrræði í vistun afplánunarfanga

FANGELSISMÁL Fangelsismálastofnun og áfangaheimilið Ekron undirrituðu fyrir skömmu samkomulag um vistun afplánunarfanga á



PÁLL WINKEL, fangelsismálastjóri.

áfangaheimili Ekron. „Fangelsismálastofnun bindur miklar vonir við að úrræði þetta fyrir afplánunarfanga geri þá betur í stakk búna til að takast á við lífið að lokinni afplánun án afbrota,“ segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Samkomulagið er tilraunaverkefni til sex mánaða en að þeim tíma loknum verður það endurskoðað.

Ekron er sértæk einstaklingsmiðuð atvinnutengd starfsþjálfun og endurhæfing fyrir einstaklinga með skerta vinnufærni sökum afleiðinga af áfengis- og vímu-efnasýki. - jss



AFLÖGUFÆRIR HJÁLPI Encho Gospodinov segir það geta verkað sem bjúgvörp á hinar ríkari þjóðir heims að bregðast nauðstöddum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðstoð við nauðstadda borgar sig

Yfirmaður hjá Alþjóðasambandi Rauða kross-félaga segir það vera góða fjárfestingu að hjálpa nauðstöddum. Í hnattvæddum heimi séu þjóðir heims háðar hverri annari og vandi eins verði fljótt vandi annars.

NEYÐARHJÁLPI Það væri skammsýni af hinum ríku þjóðum heims að spara aðstoð við nauðstadda í hinum fátækari löndum á þeim forsendum að þær eigi nóg með að sinna eigin fólki nú þegar heimskreppa er skollin á.

Þetta segir Encho Gospodinov, yfirmaður stefnumótunar- og samskiptasviðs Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem staddur er hér á landi til að ráðfæra sig við forsvarsmenn Rauða kross Íslands.

Gospodinov viðurkennir að á síðustu árum hins óhefta hnattvædda kapitalisma hafi hið félagslega öryggisnet víða látið undan síga, sem valdi því að nú, þegar kreppa er skollin á, fjölgi þeim sem á aðstoð þurfi að halda, líka í ríkustu og þróuðustu löndum heims. Við þessu þurfi landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans að bregðast, líka á Íslandi.

„En það má gera ráð fyrir að eftir eitt til hálf tannað ár verði ríku löndin búnar að ná tökum á kreppunni og farin að eygja hag-

vöxt á ný. Fátæku ríkin standa hins vegar frammi fyrir fjörföldum vanda: afleiðingum fjármálakreppunnar, gróðurhúsáhrifunum, háu verði á matvæum og orku, og uppflosum fólks,“ bendir Gospodinov á. Bregðist ríku löndin í að veita nauðstöddum í þeim fátæku nauðsynlega aðstoð muni þau, ríku löndin, fá að kenna á afleiðingum þess, svo sem í formi stórauðs straums flóttafólks.

Þessi mikli vandi fátækustu ríkjanna, sem flest eru í Afríku sunnan Sahara, gæti að sögn Gospodinovs gert að engu svonefnd þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna, ef ríku þjóðirnar láta deigan síga í að aðstoða þessi lönd.

Hann ákallar því þá sem aflögufærir eru - sem enn séu margir þrátt fyrir kreppu - að gleyma ekki þeirri siðferðislegu skyldu að leggja sitt af mörkum til að lina þjáningar nauðstaddra. Rauði krossinn, sem sé virkur í 186 löndum heims og byggir á sjálfboðaliðastarfi, vonist því til að missa ekki mikið af fjárframlögum þrátt fyrir kreppuna. audunn@frettabladid.is

FRESTUN HLUTHAFAFUNDAR VBS FJÁRFESTINGARBANKA HF. OG NÝTT FUNDARBOÐ

Stjórn VBS fjárfestingarbanka hf. tilkynnir að áður boðuðum hluthafafundi sem halda átti þriðjudaginn 4. nóvember n.k. hefur verið frestað.

Nýr hluthafafundur er boðaður þriðjudaginn 11. nóvember, kl. 17:00, í húsakynnum bankans að Borgartúni 26, 105 Reykjavík (6. hæð).

DAGSKRÁ:

1. Aðstoður á fjármálamarkaði, stefna og áherslur VBS.
2. Heimild til stjórnar til þess að víkja frá ákvæði í starfskjarastefnu.
3. Breyting á samþykktum: Að heimilt verði að gefa út skuldabréf með breytirétti í hlutafé allt að fjárhæð krónur 3.000.000.000.- Að stjórn hafi umboð til að ákvarða verð og kjör skuldabréfa ásamt gildistíma breytiréttar.
4. Að gildandi heimild til útgáfu nýrra hluta að fjárhæð allt að krónur 150.000.000 að nafnvirði falli niður.
5. Að heimild verði veitt til útgáfu nýrra hluta allt að krónur 300.000.000 að nafnvirði án forkaupsréttar. Að stjórn hafi umboð til að ákvarða fjárhæð bréfanna, gengi og hvort greitt er með reiðufé eða í öðru formi.
6. Kosning stjórnar og varastjórnar.
7. Önnur mál, löglega upp borin.

Framboðsfrestur til stjórnar og varastjórnar rennur út miðvikudaginn 5. nóvember 2008 kl. 16:00. Framboðum skal skilað á skrifstofu félagsins, Borgartúni 26 (6.hæð), 105 Reykjavík. Tillögur sem lagðar verða fyrir fundinn geta hluthafar nálgast á skrifstofutíma frá klukkan 16:00, miðvikudaginn 5. nóvember.

Athygli er vakin á því að samkvæmt lögum og reglum um fjármálafyrirtæki skal í tilkynningu um framboð koma fram: nafn frambjóðanda, kennitala, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Enn fremur skal upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaáðila og samkeppniáðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir við innganginn frá klukkan 16:30 á fundardegi.

Virðingarfyllst,
Stjórn VBS fjárfestingarbanka hf.

Borgartúni 26 // 105 Reykjavík // Sími: 570 1200 // Fax: 570 1209 // vbs.is

TILKYNNING



FJÁRFESTINGARBANKI

*Veljum íslenskt
– okkar hagur!*



Samtök iðnaðarins - www.si.is



GRASKER HANDA TÍGRISDÝRI Menderu heitir þessi sex mánaða tígrishvolpur sem kannar þetta hrekkjavökugrasker í dýragarðinum í San Diego í Bandaríkjunum. Graskerið er fyllt með kjöti.

NORDICPHOTOS/AFP

Erlendir erindrekar reyna að miðla málum á borgarastríðssvæðinu í Austur-Kongó:

Þúsundir flóttamanna nýta vopnahlé

KONGÓ, AP Þúsundir stríðspreyttir flóttamanna hafa nýtt sér vopnahlé í borgarastríði því sem geislað hefur í austurhluta Lýðveldisins Kongó að undanförunum og streymdu út á vegina á ný, fótgangandi yfir víglínur stríðandi fylkinga til að komast til heimahaga sinna.

Erindrekar frá Bandaríkjunum og Sameinuðu þjóðunum sameinuðu kröfta sína til að reyna að miðla málum og finna pólitíska lausn á uppreisnarátökunum á svæðinu. Evrópusambandið íhugar að senda nýtt friðargæslulið á vettvang.

Skæruliðar Laurents Nkunda stóðu vörð á eftirlitsstöðvum við vegi út úr héraðshöfuðborginni

Goma, þar sem þeir stöðvuðu framrás sína eftir heiftarleg átök í síðustu viku. Nkunda sagðist vilja að vopnahléð gerði flóttafólki kleift að snúa heim og mannúðaraðstoð að berast inn í borgina.

Að sögn flóttamannahjálpar SP hafa um 50.000 manns hrakist á flótta úr flóttamannabúðum og þorpum á svæðinu.

Aðbakiátökunum liggja ættbálkaerjur og togstreita um yfirráð yfir demanta- og eðalmálmanánum.

- aa

Á FLÓTTA Fjölskylda í hrakningum nærri Kibati norður af Goma í A-Kongó í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Til leigu iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

Upplýsingar í síma 480-0000

Sjávarlóð afskráð og dagsektir boðaðar á eigendur

Lóðin á Miðskógum 8 verður afmáð af skipulagi. Eigandi segir málið verða Álftnessingum dýrkeypt. Dagsektir boðaðar eftir að eiginkona forseta bæjarstjórnar kvartaði undan girðingu og jarðvegsflutningum.

SKIPULAGSMÁL Lóðin umdeilda á Miðskógum 8 á Álftanesi stefnir í að verða endanlega úr sögunni sem byggingarlóð eftir að skipulagsnefnd sveitarfélagsins samþykkti nýtt deiliskipulag. Eftir er að afgreiða málið endanlega frá bæjarstjórn.

Hart hefur verið deilt um Miðskóga 8. Eigendur sjávarlóðarinnar hafa ekki fengið samþykkt byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi. Fyrr á þessu ári dæmdi Hæstiréttur Íslands að rétt hafi verið hjá sveitarfélaginu að hafna veitingu byggingarleyfis þar sem stærð hússins samrýmdist ekki skilmálum. Hins vegar sagði Hæstiréttur ekki hafa verið sýnt fram á annað en að Miðskógar 8 væri byggingarlóð.

Á síðasta fundi skipulags- og byggingarnefndar Álftness var nýrri og breyttri umsókn um byggingarleyfi á Miðskógum 8 hafnað og nýtt deiliskipulag fyrir Vestur-Skógtjarnarsvæðið samþykkt með atkvæðum meirihluta Álftnesslistans.

Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks átöldu meirihlutann fyrir að



Í **MIÐSKÓGUM 8** Hlédis Sveinsdóttir og Gunnar Árnason eru eigendur Miðskóga 8. Þau fá ekki að byggja á lóðinni. Forseti bæjarstjórnar býr í húsinu fyrir ofan. Eiginkona hans segir ónáð af framkvæmdum á lóð Gunnars og Hléðisar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

hafa ekki leyst ágreininginn við eiganda Miðskóga 8 í sátt. „Nú bendir allt til enn frekari dómsmála sem eru kostnaðarsöm bæði fyrir eigendur umræddrar lóðar og ekki síður fyrir íbúa Álftness. Forgangsroðun fjármuna ætti að vera önnur á þeim tímum sem við lifum í dag,“ bókuðu sjálfstæðismenn.

Fulltrúar Álftnesslistans kváðust taka undir að eðlilegt hefði verið að semja um málið. „En stefna Sveitarfélagsins Álftness í umhverfismálum er ekki til sölu,“ sagði meirihlutinn sem kveðst telja lóðina á Miðskógum 8 of litla fyrir nýtt hús og það myndi verða of nálægt fjörunni.

5 dagar til jóla... í skókassa
www.skokassar.net

Takið vel á móti fermingarbörnum



Þau safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar 3. og 4. nóvember



Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



Á **BERANGRI** Fólki sem missti heimili sín í skjálftanum ornar sér við eld undir berum himni í Ziarat, 130 km suður af Quetta í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jarðskjálftinn í Pakistan: Yfir 300 manns týndu lífi

PAKISTAN, AP Læknar á jarðskjálftasvæðinu í suðvesturhluta Pakistans greindu frá því fyrir helgi að þeir væru að verða uppiskroppa með lyf og gerfilimi. Óttast er að skjálftinn, sem reið yfir snemma á miðvikudagsmorgun og mældist 6,4 á Richter, muni hafa kostað yfir 300 manns lífið. Þrjú þúsund hús hrundu og um 15.000 manns misstu heimili sitt.

Hermenn og sjálfboðaliðar voru önnur kafnir við að koma hjálpargögnum á hamfarasvæðið, sem er í dreifbýlu fjallahéraði nærri landamærunum að Afganistan. Ráðherrann Zamrak Khan tjáði fréttamönnum að staðfest manntjón væri „eithvað yfir 300 manns“.

- aa

Menntun er þinn auður!



Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem eru komnir af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnunni eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnu með aukinni þekkingu, hraða og færni. Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur

- ➔ Lengd 63 std Verð kr. 44.900,- Allt kennsluefni innifalið.
- ➔ Hefst 3. nóv og lýkur 10. des, kennt er tvisvar í viku, morgun og kvöldnámskeið í boði.

Vefsíðugerð – grunnur

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndanotkun á heimasíðunni. Kennt er á algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn, Dreamweaver og Photoshop.

- ➔ Lengd 47 std Verð kr. 49.000,- Allt kennsluefni innifalið.
- ➔ Hefst 5. nóv og lýkur 3. des, kennt er tvö kvöld í viku, mán og mið kl 18 – 21:30

Tölvunám byrjendur

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem enga tölvukunnáttu hefur. Hér er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og verða sjálfbjarga við alla almenna tölvunotkun. Tölvugrunnur, ritvinnsla, Internetið og meðferð tölvupósts.

- ➔ Hefst 5. nóvember og lýkur 2. des. Kennt er mán og mið, morgun og kvöldnámskeið í boði. (Tilvalið fyrir vaktavinnufólk)
- ➔ Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Kennslubók innifalin.

Eldri borgarar 60+



Grunnur

30 kennslustd. námskeið ætlað algjörum byrjendum. Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans og taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 5. nóvember og lýkur 26. nóv. Kennt er mánu- og miðvikudaga kl. 13 – 16. Verð kr. 20.500,- Kennslubók innifalin.

Framhald.

30 kennslustunda námskeið fyrir þá sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað á upprifjun áður en lengra er haldið í ritvinnslu, internetinu og meðferð tölvupósts og meðferð stafrænna myndavéla.

Kennsla hefst 6. nóvember og lýkur 27. nóv. Kennt er þriðju- og fimmtudaga kl. 13 – 16. Verð kr. 20.500,- Kennslubók innifalin.

10% afsl. fyrir þá sem lokið hafa Grunnnámskeiðinu

Stök forrit	St.fj	Verð	Hefst
Excel frh. (Stjórn og skipulag)	14	24.000,-	4. nóv
Photoshop – grunnur	21	24.000,-	5. nóv
Word ritvinnsla	21	24.000,-	5. nóv
Flash	21	24.000,-	5. nóv
Office 2007 kynning	5	7.900,-	17. nóv
Dreamweaver	26	29.000,-	19. nóv
Excel grunnur	21	24.000,-	19. nóv
Navision fjárhagsbókhald	24	29.000,-	20. nóv

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is

Dagblaðadreifing í Eyjum:

Fréttablaðið til fyrirmyndar í Eyjum

„Dreifing Fréttablaðsins hér í Vestmannaeyjum er til mikillar fyrirmyndar. Sá sem sér um að koma blöðunum í kassana hér í bænum er mjög áhugasamur og mikill kraftur í honum.

Dreifing Morgunblaðsins hefur hingað til verið best hér í Eyjum, en Fréttablaðið hefur tekið því fram og er oft komið tveimur til

þremur tímum fyrir,” segir Páll Helgason, lesandi Fréttablaðsins í Vestmannaeyjum.

Páll segist bíða spenntur eftir Fréttablaðinu á degi hverjum. Að lestri loknum klippir hann svo út úr því valdar greinar í dagbók sem hann hefur haldið í mörg ár. „Blaðið er gott og sama má segja um dreifinguna,” segir Páll. - kg

FBL-GREINING: DÝR OG PLÖNTUR Í ÚTRÝMINGARHÆTTU

Um 15.500 tegundir eiga erfitt uppdráttar

Aukin fjölsöfnun hefur haft mikil áhrif á dýraríkið. Fjöldi tegunda er talinn í útrýmingarhættu, margar af mannavöldum. En hvað þýðir það nákvæmlega, þegar dýrategund er í útrýmingarhættu, hvernig er það skilgreint og hvernig er brugðist við því?

■ Hvenær er tegund í útrýmingarhættu?

Fjöldi einstaklinga vegur að sjálfsgöðu þungt í þessu samhengi en margt annað spilar inn í. Til að mynda dreifing tegundarinnar og varðveisla búsvæðis hennar, prósentuleg fjölgun eða fækkun yfir lengra tímabil, geta til fjölgunar, fjöldi náttúrulegra óvina og ásókn manna. Þegar um er að ræða tegundir þar sem erfitt er að telja eða áætla fjölda stakra dýra, eins og með mörg skordýr, er aðallega horft til dreifingar í samanburði við fyrri ár. Skiptar skoðanir eru um hvenær setja eigi tegundir á lista yfir tegundir í útrýmingarhættu og hvenær eigi að taka þær aftur af honum eftir bata. Taka verður mið af því að þetta eru ekki alltaf nákvæm vísindi og tegundir sem lýstar hafa verið útdauðar finnast oft aftur, til dæmis ef tegundin hefur flust búferlum.

■ Hversu margar tegundir eru í útrýmingarhættu?

Að mati Alþjóðanáttúruverndarsambandsins eiga um 15.500 tegundir undir högg að sækja. Þar af rúmlega 8.000 plöntur, tvær þörunga-tegundir og rúmlega 7.100 dýrategundir. Þessi listi er sá yfirgrípsmesti þótt hann sé engan veginn tæmandi.

■ Hversu mikil áhrif hefur maðurinn haft á dýr í útrýmingarhættu?

Maðurinn hefur haft mikil áhrif á plánetuna frá því hann fór að stunda landbúnað og jafnvel fyrir. Það er hins vegar hæpið að rekja alla útrýmingu eða fækkun til mannsins. Tegundir hafa risið og hniðið í milljónir ára af eðlilegum ósökum, einfaldlega helst úr lestinni í kapphlaupi Darwins. Vísindamenn eru þó flestir á einu máli um að dregið hafi úr fjölbreytileika dýraríkisins.



TEPPI Á STIGAGANGINN

GÓLFERNI ÞEKKING ÞJÓNUSTA

Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is

Stepp

Grafika 2008

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.

Úrval fiskrétta í ofninn eða pönnuna.

Veljum íslenskt

opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

FRÉTTAVIDTAL: Antonin Scalia



Ekki á valdsviði dómara að breyta merkingu stjórnлага

Bandaríski hæstaréttardómari Antonin Scalia segir dómara fara út fyrir valdsvið sitt með því að túlka stjórnarskrárákvæði og önnur lög með öðrum hætti en þeim sem var upprunalegur skilningur þeirra sem settu viðkomandi ákvæði eða lagabókstaf.



ANTONIN SCALIA Einn þekktasti lögspækingur Bandaríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Scalia, sem er einn þekktasti lögspækingur Bandaríkjanna og hefur setið í hæstaréttinum vestra síðan árið 1986, er staðfastur fylgismaður svonefndrar upprunahyggju við túlkun bandarísku stjórnarskrárinnar.

Heilbrigð skynsemi

Beðinn að útskýra hvað í upprunahyggju felist segir Scalia að hún sé „heilbrigð skynsemi“. „Það er hin skoðunin sem krefst skýringar,” segir hann og heldur áfram: „Upprunahyggja er einfaldlega grunnaðferðin við að túlka lagatexta – og reyndar hvaða texta sem er. Maður spyr sig: Hvað þýddi þetta þegar það var skrifað? Eða í tilfelli stjórnarskrár: hvað þýddi þetta þegar þetta ákvæði var samþykkt? Það er sú merking sem í því felst uns löggjafinn, þjóðin, ákveður að breyta því með stjórnarskrár-breytingu. Það er ekki á valdsviði dómstóls að gefa stjórnarskrárákvæði nýja merkingu.“

Til dæmis um þetta nefnir Scalia dauðarefsingu. „Það liggur ljóst fyrir að áttunda stjórnarskrár-breytingin, sem bannar „grimmilegar og óvenjulegar refsingar“ bannar ekki dauðarefsingu. Dauðarefsing var refsingin fyrir alla höfuðglæpi; hún skilgreindi höfuðglæp. Nú, það ber ekki nauðsyn til að framfylgja dauðarefsingu og í sumum ríkjum Bandaríkjanna hefur hún verið afnumin. En það er ekki á valdsviði dómara að breyta lýðræðislegum vilja stjórnarskrárgjafans og segja þeim sem vilja viðhalda dauðarefsingum að þeir megi það ekki. Það er það sem upprunahyggja þýðir í raun. Stjórnarskráin merkir það sem fólkið sem samþykkti hana upprunalega ætlaðist til. Ef því á að breyta verður þjóðin að gera það. Það er mjög lýðræðislegt!“

„Hin lifandi stjórnarskrá“ bull
En hvað segir Scalia þá um þá

skoðun, að skýringarinnar á að stjórnarskrá Bandaríkjanna hafi enst eins lengi og raun ber vitni sé að rekja til þess að hver ný kynslóð leggi nýja merkingu í túlkun hennar?

„Það er hægt að halda því fram, en það væri rangt!“ svarar hann. „Þessi hugmynd um „hina lifandi stjórnarskrá“ er mjög ný af nálinni. Hún byrjar með Warren-dómstólum [þ.e. tímabilið 1953-1969, þegar Earl Warren var í forsæti bandaríska hæstaréttarinnar] sem ríkjandi túlkunaraðferð. Stjórnarskráin hefði ekki staðið í 230 ár ef þessi túlkun hefði verið ríkjandi frá upphafi,“ fullyrðir Scalia. „Fyrstu 160 árin hefði engum dottið í hug að stjórnarskráin tæki stökkbreytingu á tíu ára fresti, að hún sé hvað sem dómstóllinn segir að hún sé. Ef þú átt við illa innrætta dómara sem mistúlkuðu stjórnarskrána viljandi, vissulega voru slíkir til, en þeir gerðu það „á gamla góða heidarlega mátann: þeir lugu um það“. En nú á dögum reyna þeir ekki einu sinni að ljúga um það: „Jú, jú, þetta er það sem stjórnarskráin merkti áður, en okkur finnst að hún eigi ekki að merkja þetta lengur. Hvers vegna? Af því við erum lögfræðingar, við vitum betur.“ Þetta er þvættingur. Mér finnst sem sagt ekki að ég þurfi að útskýra upprunahyggju; mér finnst frekar að þeir sem telja að stjórnarskráin merki það sem dómstóllinn segir að hún eigi að merkja, þurfi að svara fyrir þá stórunderlegu skoðun.“

Dómaramóti ekki stefnu
Háværar pólitískar deilur hafa

skapast um tilnefningu dómara í Hæstarétt Bandaríkjanna á undanföllum árum. Hvaða skýringu telur Scalia vera á því? „Þetta er afleiðing þess að líta svo á að dómstóllinn túlki sífellt nýja merkingu inn í stjórnarskrána,“ svarar hann. „Áður fyrr var það eina sem skipti mestu máli við val á hæstaréttardómara að hann væri góður og réttisýnn lögfræðingur. Núna er öldin önnur: „Það er fínt að fá góðan lögfræðing, en það er ekki það mikilvægasta: við viljum velja einhvern sem skrifar þá nýju stjórnarskrá sem er okkur að skapi; hvort sem það snýr að réttindum samkynhneigðra, fóstureyðingar eða eitthvað annað. Við viljum setja einhvern þarna inn sem skrifar okkar stjórnarskrá,“ segir Scalia um þennan hugsunarhátt sem hann álitur hafa haft þessar óæskilegu afleiðingar.

„Og það mun líka gerast hér,“ bætir hann við: „Ef skipað er pólitískt í hæstarétt, sem tekur afdrifaríkar pólitískar ákvarðanir fyrir þetta samfélag, þá mun samfélagið sannarlega láta vilja sinn í ljósi þegar skipað er í þennan dómstól. Nema Ísland sé ekki lengur lýðræðissamfélag og borgarar þess séu sauðir.“

Spurður út í hina umdeildu ákvörðun bandaríska hæstaréttarinnar að vísa frá áfrýjun á úrskurði hæstaréttar Flórídarákis um endurtalningu atkvæða í forsetakosningunum í Flórída árið 2000, sem þýddi að ekki var lokið við að endurtelja atkvæðin eins og forsetaframbjóðandi demókrata, Al Gore, vildi, segir Scalia að það mál sé dæmi um hvað gerist þegar reynt sé að færa kosningastjórnarmál inn á vettvang dómstólanna. Hann segist spá því að þegar frá líði muni varla nokkur maður líta á þennan úrskurð sem það stórmál sem sumir hafi viljað vera láta þegar deilurnar stóðu sem hæst.

Scalia var staddur hér á landi á dögumum sem heidursgestur á ráðstefnunni „Lögfræði og lagánám í aldarspegli,“ sem lagadeild Háskóla Íslands efndi til í tilefni af 100 ára afmæli lagánáms á Íslandi.



FRÉTTAVIDTAL
AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

LAGERÚTSALA

Heilsudýnur
Stillanleg rúm
Náttborð
Gaflar
Kommóður
Og vörur úr

HÚSGÖGNIN
HEIM

Smávara
Jólavara
Skápar/Skenkar
Borð
Ljós og fleira

Allt að
80%
afsláttur

Takmarkað magn

Kletthálsi 13
opið 10-18 virka daga
12-15 á laugardögum
Sími 660 0035



Svefn & heilsa



Uppbygging atvinnulífsins er lykilatriði.

Finnska leiðin út úr kreppu

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Litlar líkur eru á að einstaklingur muni nema einu sinni á ævinni upplifa slíkar hremmingar í efnahagslífi eins og þær sem nú ríða yfir Ísland. Það er því ákaflega mikilvægt að nýta eftir föngum reynslu annarra af því að bregðast við slíkum aðstæðum. Nú um helgina var leið Finna út úr efnahagskreppu sem þar herjaði upp úr 1990 mjög í umræðunni í tengslum við fund Samfylkingarinnar í gær þar sem meðal annars var rætt um þessa leið sem reyndist Finn-um happadrjúg.

Einn frummælenda á þessum fundi var Stefán Ólafsson félagsfræðiprófessor sem kom einnig fram í viðtölum í fjölmiðlum.

Stefán dró einkum fram þrjá þætti sem Finnar hefðu haft að leiðarljósi þegar þeir, með eftirtektarverðum árangri, unnu sig út úr kreppuástandi.

Í fyrsta lagi sóttu Finnar um aðild að Evrópusambandinu árið 1992, í miðri kreppunni, og litu beinlínis á það sem leið til að takast á við efnahagsástandið. Eitt af því sem líkt er með finnsku kreppunni og þeirri íslensku er að Finnar sátu uppi með ónýtan gjaldmiðil, rétt eins og við, og urðu í framhaldi af inngöngunni í Evrópusambandið fyrstir Norðurlandþjóða til að taka upp evru.

Í öðru lagi beittu Finnar velferðarkerfinu markvisst til að milda áhrif kreppunnar á almenning. Atvinnuleysi fór upp í 18 prósent í Finnlandi og því var ródurinn þungur, auk þess sem ríkissjóður stóð illa. Útgjöld til velferðarmála fóru frá um 25 prósentum af þjóðarframleiðslu í upphafi kreppunnar upp í 35 prósent í lok hennar. Þeir fluttu fjármagn milli málaflökka innan velferðarkerfisins og skáru sumt niður eins og lífeyrisgreiðslur til þeirra sem höfðu hærrí tekjur annars staðar frá. Einnig juku þeir skatta tímabundið til þess að mæta óhjákvæmilegri útgjaldaaukningu.

Í þriðja lagi tóku Finnar upp nýja atvinnustefnu sem byggði á nýsköpun og þekkingarþróun. Þetta var gert með því að hlúa að umhverfi sem væri hvetjandi til nýsköpunar í atvinnulífi. Þarna gegndu háskólar lykilhlutverki. Auk þess sem áhersla var lögð á bættu menntun voru myndaðar þekkingarþyrpingar þar sem frumkvöðlastarfsemi átti skjól. Þessar aðgerðir skiptu áreiðanlega sköpum fyrir finnsku þjóðina.

Hugmyndir Bjarkar Guðmundsdóttur og þeirra sem með henni starfa eru í raun mjög í þessum anda. Íslendingar eru vel menntuð þjóð og hér er um talsvert auðugan garð sprotafyrirtækja að gresja sem hlúa þarf að ef úr eiga að verða umtalsverðar tekjur fyrir þjóðarþúið.

Ljóst er að það verður ekki verk einnar kynslóðar að greiða niður skuldir þjóðarinnar. Því verkefni verður líklega ekki lokið fyrr en framhaldsskólanemendur dagsins í dag verða að nálgast eftirlaunaaldurinn. Atvinnustefna leikur því lykilhlutverk um hvernig til tekst. Uppbygging iðnaðar sem ekki er háður kostnaðarsömum undirstöðum eins og stórvirkjunum getur þarna skipt sköpum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ er eitt af bestu blaðum í heimi. Það er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3671

12 STAÐIR

OLÍS ÁLFHEIUMUM, OLÍS GULLINBRÚ, HOLTAGÖRÐUM, OLÍS MJÖDD, OLÍS NORÐLINGAHOITI, NYBYLAVEGI, SUÐURLANDSBRAUT, OLÍS AKRANESI, OLÍS AKUREYRI, OLÍS BORGARNESI, OLÍS KEFLAVÍK, OLÍS REYÐARFIRÐI

Quiznos Sub

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fjölskyldan rannsókuð

Nokkur vandkvæði gætu orðið á gerð svokallaðrar Hvítbókar eins og Pétur Gunnarsson gerir greinargóð skil á síðu sinni eyjan.is/hux: „Þegar litíð er yfir ríkisstjórnarborðið kemur í ljós að Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og yfirmaður ríkissaksóknara, er tengdafaðir Hreiðars Más Guðjónssonar, lykilstjórnanda í viðskiptaveldi Björgólfs Thors Björgólfssonar. Eiginmaður Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra er Kristján Arason, sem var yfirmaður einkabankaþjónustu hjá Kaupþingi. Björgvin G.



Sigurðsson viðskiptaráðherra er svili Sigurðar G. Guðjónssonar, sem sat í stjórn Glitnis. Geir H. Haarde forsætisráðherra er stjórfaðir Borgars Þórs Einarssonar, sem starfaði í lögfræðideild Landsbankans. Eiginkona Geirs, Inga Jóna Þórðardóttir, sat sem kunnugt er í stjórn FL Group.“

Ótrúlega hlutlausir

Bent hefur verið á að smæð Íslensks samfélags geti reynt erfið við gerð svokallaðrar Hvítbókar. Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, og Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari telja smæðina þó ekkert vandamál eins og haft hefur verið eftir þeim í Morgunblaðinu en þeim er ætlað að rannsaka mál sona sinna úr röðum útrásarvikinga.

Sjeikspírskur harmleikur

Illugi Jökulsson segir á bloggi sínu á dv.is að það gæti hugsast að saga Davíðs Oddssonar sé að verða að „sjeikspírskur harmleik“. Nú þurfi Davíð lífverði til að verja sig fyrir þjóðinni sem áður dáði hann. Eftir eina mestu niðurlægingu vestrans ríki síðari ára telja margir sig eiga heimtingu á að fá að vita hvers vegna mannabreytingar hafa ekki verið gerðar í Seðlabanka. Sumir segja ráðherra ósvífna aðrir huglausa. Eða er þetta fólk allt jafn mikið úti á þekju og þingmaðurinn Arnbjörg Sveinsdóttir ein virðist hafa komist hjá því að heyra gagnrýniraddir um stórf Davíðs.

karen@frettabladid.is



Tuggur tvær

Fyrir utan heilræðið um að við eigum nú að reyna að vera góð við börnin okkar – rétt eins og eitthvað annað hafi staðið til – þá held ég að tvær tuggur ráðamanna séu einna óberilegastar um þessar mundir.

Önnur er sú að auðvelt sé að vera vitur eftirá. Hvernig gátuð þið látið þetta gerast? er spurt og svarandiinn – fyrrum bankaeigandi, auðjófur, bankastjóri, ráðherra, yfirmaður fjármálaeftirlits, sölumaður norðurljósa – einhver klúðrarinn – ekur sér dálítið í stólnum, brosir pirraður og segir loks og reynir að hljóma eins og hann sé að tala við fábjárna: Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftirá ...

Þetta er einn af þessum ömurlegu orðaleppum sem fólk notar til að þurfa ekki að tala. Í stað þess að ræða málin kemur þetta. Allt eins mætti segja: Æ, dinglaðu þér. Þetta er dæmigert fyrir hið umræðufæla samfélag gær dagsins þar sem hvers kyns tilraun til sundurgreindandi samræðu er eitru í beinum höfðingjanna sem vildu helst fá að halda áfram að gelta sínar fyrirskipanir.

Getur verið að þeir sem eiga svona auðvelt með að vera vitrir eftirá séu þá jafnframt heimskir fyrirfram? Og það er auðvelt að vera heimskur fyrirfram ...

Eða hvað? Hvernig stendur þá á því að þessir ráðamenn streitast enn við að nota sömu úrræðin og þeir notuðu áður en eftirvískað vitraðist þeim svo auðveldlega? Er kannski erfitt að vera vitur eftirá?

Kannski erfitt að vera vitur yfirleitt – og auðvelt að vera vitlaus?

Þegar Davíð Oddsson er gagnrýndur segir blaðafulltrúi hans Geir Haarde jafnan að ekki megi „persónugera vandann“. Hann talar eins og bókmenntafræðingur. Þegar hafið stynur,



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Efnahagsmálin

grasið syngur og fjöllin gráta í skáldskap er slíkt nefnt persónugerving, enda fyrirbærum náttúrunnar gefnir mannlegir eiginleikar. Geir vill með þessu telja okkur trú um að vandinn sé náttúruhamfarir og hafi ekki mannlega ásjónu – og alls ekki Davíðs.

Að sjálfsögðu ristir vandi Íslendinga dýpra en svo að Davíð Oddssyni verði einum kennt um hann eða að brotthvarf hans sé eina forsenda endurreisnarstarfsins. Eitt er það að fjórflokkakerfið – með einum fimmta flokki sem veit ekki alveg hvað hann er – virðist í senn merkilega lífseigt og ófært um að endurspeglar hugmyndastrauma og andstæðar skoðanir samfélagsins, til dæmis í afstöðu til Evrópu þar sem stjórnmalamenn hafa lengi verið á eftir almenningi og hagsmunasamtökum atvinnulífsins, nema kvótakóna. Og ríkisstjórnin er einhvers konar pattstjór. Eða kannski leppstjór – í þeim skilningi að hinir andstæðu flokkar eru svo uppteknir af því að leppa menn andstæðingsins að útkoma er patt.

En allt í lagi: Setjum svo að hér hafi utanaðkomandi hamfarir gengið yfir þjóðina, sambærilegar við það þegar stormurinn Katarina lagði New Orleans í rúst í Bandaríkjunum. Þá þóttu flóðavarnir Bush-stjórnarinnar með þeim hætti að flestir sem ábyrgð báru á því

voru látnir víkja úr embætti, og sjálfur forsetinn og varaforseti ærulausir menn.

Það er nefnilega svo í síðuðum samfélögum með lýðræðishefð að menn í ábyrgðarstöðum þurfa að axla þá ábyrgð þegar sýnt þykir að þeir hafi brugðist á örlagastundu. Þegar kjósendur afþakka krafta tiltekinnna stjórnmalamanna í kosningum má vissulega segja að þeir séu að „persónugera vandann“ en málið er að það eru nú einu sinni persónur sem taka að sér úrlausn tiltekinnna mála og standa þess vegna fyrir ákveðin úrræði í huga fólks. Davíð Oddsson er bara óvart persónugervingur alls kyns hugmynda og úrræða. Hann var persónugervingur góðærisins og nú er hann persónugervingur þess að hafa veðjað ranglega á Ameríku í stað Evrópu – og persónugervingur þeirrar öfgafullu reidarekstefnu í peningamálum sem kom þjóðinni svo sannarlega á vonarvöl. Jafnvel þótt hann væri óskekull eins og Geir og aðrir meðreidar-sveinar hans virðast halda – já meira að segja þótt hann kynni eitthvað í hagfræði – þá skiptir það ekki lengur máli. Allt er um seinan. Hann mun aldrei öðlast þá virðingu sem embættið þarf sárlega á að halda. Þjóðin mun aldrei fylgja honum neitt.

Geir Haarde þarf að spyrja sig: Þarf sátt um Seðlabankann? Þarf Seðlabankinn traust innanlands og utan? Þarf þjóðin að taka mark á seðlabankastjóra? Sé svarið nei við þessum spurningum – þá heldur hann Davíð.

Það var sögulegt hlutverk Geirs Haarde að leiða þjóðina frá stefnu Davíðs og í átt að öryggi og evru – til þess hlaut hann brautargengi þjóðar og flokks – en hann brást þessu hlutverki sínu og það kemur í hlut annars að inna það af hendi, með harmkvælum.

Verðtrygging

UMRÆÐAN

Gunnar Tómasson skrifar um hagstjórn

Árið 1983 var vísitöltrygging launa afnumin til að koma böndum á óðaverðbólgu sem keyrð var áfram af útlánþenslu bankanna og tvífeld með samspili vísitöltryggðra launa og verðtryggðra lána. Hins vegar var ekki snert við verðtryggingunni. Þá um haustið spurði ég þáverandi fjármálaráðherra, Albert Guðmundsson, hvers vegna verðtrygging lána hefði ekki verið afnumin. Albert svaraði að ráðgjafar stjórnvalda hefðu mælt gegn því þar sem verðtrygging væri samningsbundin. Líkt og vísitöltrygging launa!

Á þessum árum vann ég sem hagfræðingur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þegar ég frétti af afnámi vísitöltryggingar launa og áframhaldandi verðtryggingu skrifaði ég bréf til áhrifamanns í Íslensku samfélagi, þar sem ég gagnrýndi harðlega aðgerðir stjórnvalda og sagði þær vera herfilegustu hagstjórnarmistök frá upphafi lýðveldisins. Hér væri tjaldað til einnar nætur.

Ástæðan var sú að verðtrygging er skálkaskjól stjórnvalda sem hafa hvorki haft vilja né getu til að



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

stjórna peningamálum Íslands. Stjórnvalda sem létu það viðgangast að útlán bankanna jukust um 3450% (þetta er ekki ritvilla) áratuginn 1970-1979 og um nánast sama hlutfall á árunum 1980-1989. Þótt árin eftir 1983 hafi verið skuldsettum heimilum erfið, gætu þau orðið barnaleikur í samanburði við þær þringingar sem nú blasa við.

Vandinn nú er þeim mun erfiðari úrlausnar að á síðustu 25 árum hefur lífeyrissjóðakerfi landsmanna dafnað í skálkaskjól stjórnvalda sem um langt árabil hafa látið gott heita að útlán héldu áfram að vaxa með margföldum vaxtarhraða þjóðarframleiðslu. Samtímis hefur orðið breyting á tekjuskiptingu þannig að greiðslubyrði banka- og lífeyrissjóðslána hefur hækkað sem hlutfall af rauntekjum þeirra sem hafa borið skarðan hlut frá borði. Það er skammgödur vermír fyrir lántakendur að verðbætur leggjast á höfuðstól en koma ekki til innheimtu strax. Það verðbólguþak sem nú er væntanlega á byrjunarstigi, ört vaxandi atvinnuleysi og minnkandi rauntekjur ásamt fallandi eignaverði mun sýna að verðtrygging er argvítugur staðgengill fyrir trausta og skilvirka stjórn íslenskra peningamála. Hér er verk að vinna fyrir stjórnvöld og lífeyrissjóði.

Höfundur er hagfræðingur.



JÓLABAKSTURINN er farinn að brenna á mörgum en tilvalið er að byrja snemma á einhverjum tegundum. Sörur geta verið tímafreakar í framkvæmd en geymast þeim mun betur í frysti svo gott er að gefa sér góðan tíma í þær. Uppskriftir að sörum er að finna á www.eldhus.is.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Novembertilboð
20% afsláttur dagana 3-8 nóvember

Laugavegurinn
Tískuhúsið
Rauðarárstíg 1. sími 561-5077
Opíð virka daga 10-18 laugardaga 11-15



Góðar fréttir af Laugavegi

Afmælisvika til 8.nóv,

15% afsláttur
af öllum vörum

Diza
Engri lík

Laugavegur 44
opíð 10.30-18 og 11-16 laugardaga
Sími 561 4000 • www.diza.is



Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir skartgripahönnuður við túrkísblátt eldhúsbord sem var sérsmíðað á Íslandi árið 1967 og sér ekki rispu á enn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIEMENS
Kryddaðu eldhúsið með heimilistækjum frá Siemens.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Borð sem sameinar sögu

Óhóf og nýjabrum er allsendis komið úr móð þegar að hýbýlaprýði kemur. Í ljósi þess er nýtni og húsmunir með fortíð eftirsótt og húsgögnin fara frá kynslóð til kynslóðar og hafa sína sögu að segja.

„Í mestum metum heima er eldhúsbordið sem tengir okkur fjölskylduna saman, því þar sitjum við og borðum og hittumst þegar heim er komið eftir annasaman dag, sitt úr hvorri áttinni,“ segir Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir skartgripahönnuður í Aurum, þar sem hún situr við túrkísblátt eldhúsbord sem henni áskotnaðist frá tengdaforeldrum sínum.

„Við þetta sama borð kynntist ég fjölskyldu eiginmanns míns á allt öðrum stað. Mér finnst sagan svo falleg því hún tengir okkur öll við borðið; við það borðaði minn heittelskaði sem lítill drengur og nú alast dætur okkar upp við sama

borð,“ segir Guðbjörg, fullviss um að borðið bláa muni fylgja fjölskyldu sinni um ókomna tíð.

„Borðið er íslensk smíð frá árinu 1967 og því jafngamalt eiginmanni mínum. Á þeim tíma stóðu tengdaforeldrar mínir í húsasmíðum og vantaði sporöskjulaagð eldhúsbord sem hentaði í ákveðna stærð af rými. Þau fengu því Halldór Vilhelmsson, smiðinn sem teiknaði flest í húsinu, til að teikna borðið og völdu borðplötu á einum stað og fætturna á öðrum,“ segir Guðbjörg og bætir við brosandandi að tengdamóðir hennar hafi þótt djörf í litavali þegar kom að túrkísbláa borðsins. „Á þessum

árum voru drapplitir og brúnir litir allsráðandi, svo blái liturinn þótti í senn ósmekklegur og vakti undrun, en merkilegt nokk að svo sterkur litur kemur afar fallega út og lýsir upp umhverfið í svartri og hvítri umgjörð,“ segir Guðbjörg, sem oft fær innblástur í bláa eldhússins við rómaða skartgripahönnun sína.


„Kisan litla á borðinu er svo lampi úr Kisunni, með blíðri og mildri birtu sem er notaleg í morgunsárið og skammdeginu. Þetta er því uppáhaldsstaður fjölskyldunnar, sem öll er nett og passar vel við svo nett eldhúsbord.“

thordis@frettabladid.is

ALLT TIL INNPÖKKUNAR
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opíð 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500



Ef gólfíð í anddyrinu er hált getur reynst erfitt að halda útidyrarmottum á sínum stað. Sniðugt er að setja þunnan gúmmísvamp neðan á mottuna til að halda henni stöðugri.

Mikilvægur valkostur

Húsnæðissamvinnufélagið Búseti býður félagsmönnum sínum upp á möguleikann á tryggðum búseturétti í búsetaíbúðum og leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Talið er líklegt að félagsmönnum fjölgi á næstunni.

„Búseti byggir á skandinavískri fyrirmynd; þó hefur hugmyndin um að kaupa sér búseturétt fremur en eign þróast á ólíkan hátt á Norðurlöndunum. Kerfið hér líkist einna mest því norska þar sem það er ekki niðurgreitt, hvorki af ríki né af sveitarfélögum,“ segir Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri húsnæðissamvinnufélagsins Búseta. Búseti er með íbúðir á höfuðborgarsvæðinu annaðhvort með búseturétti eða til leigu.

„Mörg húsnæðissamvinnufélög voru stofnuð hér á landi á sínum tíma, en þau hafa smám saman hætt eða sameinast,“ heldur Gísli áfram. „Mörgum hefur þótt þessi nálgun í húsnæðismálum dálítið sérstök þar sem maður er hvorki að kaupa né leigja eign heldur verður maður aðili að félagi þar sem maður fær svo eign lánaða ótímabundið og á kostnaðarverði. Þetta köllum við búseturétt. Félagið getur ekki sagt íbúanum upp svo lengi sem hann er húsum hæfur og borgar sín gjöld. Hann býr því við mikið öryggi.“

Fyrirséð er að nokkrar breytingar verði á vali landsmanna í húsnæðismálum í kjölfar þeirra efnahagsferfiðleika sem nú dynja á þjóðinni. Gísli telur líklegt að almenningur komi til með að líta á búseturétt sem raunhæfari möguleika í framtíðinni. „Ég held að



Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Búseta, vill sjá meiri fjölbreytni á íslenskum húsnæðismarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fjöldi félagsmanna Búseta komi til með að aukast á næstunni í ljósi atburða liðinna vikna. Við í félaginu teljum að það sé mikilvægt fyrir samfélagið að bjóða upp á ýmsa valkosti á húsnæðismarkaðinum, enda skipta þessi mál miklu fyrir velferð fólks því allir þurfa jú heimili. Búseturéttur gerir fólki jafnframt kleift að nota peningana sína í annað en að greiða af fasteign, til að mynda sparnað eða fjárfestingar.“

Búseti á gott úrval fasteigna og

því er aðild að félaginu raunhæfur möguleiki fyrir fólk úr öllum þrepum þjóðfélagsins. „Félagið lítur á sig sem mikilvægan og eðlilegan valkost fyrir fólk á öllum aldri,“ útskýrir Gísli. „Eignakostur félagsins er fjölbreyttur; við eigum bæði lítil og stór fjölbýli sem og raðhús, þannig að flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Frekari upplýsingar um starfsemi Búseta má finna á vefsíðunni www.buseti.is. vigdis@frettabladid.is



Hófst þú nám í iðngrein en hefur ekki lokið því?

Ertu starfandi í iðngreinunum hér fyrir neðan en hefur ekki lokið námi í greininni?

Hefur þú áhuga á að ljúka námi í greininni?

- Blikksmíði
- Hársnyrtiðn
- Bifvélavirkjun
- Bílamálun
- Bílasmíði
- Húsasmíði
- Málaraíðn
- Pípulögnum
- Framreiðslu
- Kjötiðn
- Matreiðslu
- Matartækni
- Vinnustaðanám í ljósmyndun
- Vinnustaðanám í matreiðslu

Bættu um betur er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflagð. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Þátttakendur þurfa að vera með marktæka starfsreynslu.

Áhugsömum er bent á að hafa samband við IDUNA-fræðslusetur í síma 590-6400 og fá frekari upplýsingar um verkefnið.

Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.



Vetrarstígvél

Nýkomið úrval af flöttum leðurstígvélum fóðruðum með flis. Margar gerðir.

Litir: svart, brúnt og rautt. Stærðir: 36 - 42

Verð frá 16.785.- til 22.895.-

Misty skór

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070

Opíð: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is



Hawa Gler-rennibrautir

Hawa Junior 80 eru glæsilegar rennibrautir fyrir 8-10-12 mm hert gler eða timburhurðir. Eigum einnig rennibrautir frá **GEZE** fyrir skápa og tréhurðir.

Útvegum hert gler eftir máli..



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is

ALLT NÁM

Alla þriðjudaga

Getum bætt við okkur eignum á skrá

– vönduð vinnubrögð



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala :: Lágmúla 7 :: 108 Reykjavík :: sími 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fasteignasali



fasteignir

3. NÓVEMBER 2008

Hefurðu kynnt þér kaup á búseturétti?



Með kaupum á búseturétti færðu það sem máli skiptir; **heimili**

Hafðu samband og kynntu þér málið!

BÚSETI™
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Sími: 520 5788 · Vefang: www.buseti.is



Íbúðirnar eru annað hvort tveggja eða fjögurra herbergja og afhendast fullbúnar að innan.

Þjónusta og afþreying í næsta nágrenni

ER Hús efh. er með til sölu íbúðir í tveimur samliggjandi stigahúsum við Eskivelli 21A og B í Hafnarfirði.

Þú skiptast í A hluta með sextán íbúðum og B hluta með tólf íbúðum. Sérinnangangur er í íbúðir á fyrstu hæð og sérinnangangur af svölum á hæðum.

Allar íbúðirnar eru bæði með geymslu í íbúð og á hæð. Þær eru afhentar fullbúnar að innan, með gólfefnum og granítborðplötum.

Íbúðunum fylgja Lifa-Design-innréttingar, granít Crystal Quarts-borðplata í eldhúsi og að sama skapi vönduð tæki og hurðir frá BYKO. Gólfhiti verður í öllum íbúðum og einnig hljóðeinangrun milli hæða. Hús afhendist fullfrágengið að utan, einangrað og klætt með báruformaðri áklæðningu. Með því móti hefur viðhald verið lágmarkað.

Lóðin verður fullfrágengin, tyrfd, stéttir hellulagðar og bílastæði malbikuð.

Stutt verður í alla þjónustu í

framtíðinni, til að mynda skóla, sund og íþróttastöðu.

Verktaki er tilbúinn til að lána 90 prósentu lán á eftir Íbúðalánasjóði; þess má geta að 80 prósentu lán eru frá Íbúðalánasjóði og engin stimpilgjöld fyrir kaupendur að fyrstu íbúð.

Íbúðir kosta frá 19,3 milljónum og upp í 26,0 milljónum. Afhending íbúða í A-hluta fer fram í apríl 2009. Íbúðir í B-hluta verða sömu leiðis afhentar í apríl 2009.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá ER HÚS efh.



Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lántíma

Önnur þjónusta á ils.is:

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélur
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft að aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsúmsókn

Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969


Íbúðalánasjóður



FASTEIGNASALAN

fasteign.is SÍMI 5 900 800

Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.



Ólafur B. Blöndal
löggiltur fasteignasali



Íris Hall
lfg



Sveinn Eyland
Sölufulltrúi



Gísli Rafn
Guðfinnsson
Sölufulltrúi



Ásgerður
Guðmundsdóttir
Sölufulltrúi

FASTEIGN ÁPREIFANLEG FJÁRFESTING

ÞARFTU VERÐMAT?

VERÐMETUM SAMDÆGURS VEGNA SÖLU EÐA ENDURFJÁRMÖGNUNAR.
HRINGDU STRAX OG LÁTTU OKKUR AÐSTOÐA ÞIG.



FASTEIGNASALAN

fasteign.is SÍMI 5 900 800

Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.

Til leigu

NÝTT ATVINNUHÚSNÆÐI

AÐEINS KR. 750. pr.fm.



Til leigu við Gjáhellu í Hafnarfirði nýtt atvinnuhúsnæði sem hentar vel undir heildsölu, lager, iðnað eða verkstæði. Stærð frá 250 fm á 2.hæðum (5 metra lofthæð á jarðhæð). Vsk.húsnæði.

Allar nánari upplýsingar:
Sveinn Eyland gsm: 6900-820 eða á skrifstofu Fasteign.is



EIGNAMIÐLUN

sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · S. 588 9090 · fax 588 9095
www.eignamidlun.is · eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinnsson, löggiltur fasteignasali

Bröndukvísl

- einb. á 1. hæð



Mjög fallett og mikið endurnýjað einlyft 233 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr í Kvíslunum í Árbænum. Eignin skiptist í forstofu, snyrtingu, hol, stofu, betri stofu, eldhús, geymslu, baðherbergi og fjögur herbergi. Garðurinn er afgirtur með hárrí girðingu og nýrri timbur verönd. Eignin virðist í góðu ástandi að utan er nýlega máluð.
V. 69,0 m. 4214

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði

Til sölu eða leigu stórglæsilegt fullbúið 200 fm skrifstofuhúsnæði í miðbænum. Húsnæðið er 1. flokks og með 10 starfsstöðum. með.
Nánari uppl. veitir Kjartan Hallgeirsson í síma 824-9093

KAUPENDUR STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR

Erum með íbúðir sem hægt er að fá gegn góðum staðgreiðsluafslætti.
Nánari upplýsingar á skrifstofu Eignamiðlunar.



Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Búseti hsf. · Skeifan 19, 108 Reykjavík · Sími: 520 5788 · Fax: 533 5749 · Veffang: www.buseti.is

Lausar íbúðir: Umsóknarfrestur til 11. nóvember. Úthlutun er 12. nóvember

Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 104
3 herb. 79,0 fm



Almennt lán
Afhending að ósk eiganda: **Laus 1. nóv.**

Búseturéttur - hámarksverð: 2.773.852,- kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.712.503,- kr
Búsetugjald: 114.798,- kr

Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 204
4 herb. 96,0 fm



Almennt lán
Afhending að ósk eiganda: **Strax**

Búseturéttur - hámarksverð: 3.602.926,- kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 3.538.988,- kr
Búsetugjald: 137.410,- kr

Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 502
2 herb. 60,2 fm



Almennt lán
Afhending að ósk eiganda: **Laus skv. samkl.**

Búseturéttur - hámarksverð: 1.833.824,- kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.823.224,- kr
Búsetugjald: 89.998,- kr

Kristnibraut 67
113 Reykjavík
Íbúð: 206
3 herb. 91,6 fm



Almennt lán
Afhending að ósk eiganda: **Laus 15. des.**

Búseturéttur - hámarksverð: 2.652.059,- kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.865.268,- kr
Búsetugjald: 107.503,- kr

Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 201
3 herb. 79,1 fm



Almennt lán
Afhending að ósk eiganda: **Laus skv. samkl.**

Búseturéttur - hámarksverð: 2.784.126,- kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.719.801,- kr
Búsetugjald: 114.882,- kr

Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 302
2 herb. 59,9 fm



Almennt lán
Afhending að ósk eiganda: **Laus strax**

Búseturéttur - hámarksverð: 1.818.414,- kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 89.606,- kr
Búsetugjald: 89.606,- kr

Þverholt 15
270 Mosfellsbær
Íbúð: 303
4 herb. 100,2 fm



Almennt lán
Afhending að ósk eiganda: **Laus skv. samkl.**

Búseturéttur - hámarksverð: 2.602.889,- kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.870.285,- kr
Búsetugjald: 122.224,- kr

Kristnibraut 63
113 Reykjavík
Íbúð: 304
4 herb. 108,7 fm



Almennt lán
Afhending að ósk eiganda: **Laus skv. samkl.**

Búseturéttur - hámarksverð: 3.029.635,- kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.179.801,- kr
Búsetugjald: 126.733,- kr

Hefurðu kynnt þér kaup á búseturétti?



Með kaupum á búseturétti færðu það sem máli skiptir; **heimili**

Þú getur verið eins lengi og þú vilt í húsnæðinu / Allur húsnæðiskostnaður er innifalinn í mánaðargjaldi

Þú færð vaxtabætur líkt og eigandi / Öryggi - ekki er hægt að segja þér upp húsnæðinu

Öryggi - kaupskylda félagsins á búseturétti / Þú festir minni fjármuni í fasteign

■ Hvað er innifalið í mánaðargjaldi?

- Afborgun lána
- Brunatrygging fasteignar
- Viðhald utanhúss
- Fasteignagjöld
- Hiti
- Viðhald íbúðar
- Húseigendatrygging
- Hússjóður
- Aðstoð iðnaðarmanna.

■ Hvað er ekki innifalið?

- Innbústrygging
- Rafmagn íbúðar

Lausar íbúðir:

Umsóknarfrestur til 11. nóvember. Úthlutun er 12. nóvember.

Hafðu samband og kynntu þér málið!

BÚSETI™

Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI

FASTEIGNASALAN

Hakon Svavarsson löggiltur fasteignasali, Sveinbjörn Halldórsson löggiltur fasteignasali og sölustjóri, Elert Bragi Sigþórsson, Kristinn G. Kristjánsson löggiltur fasteignasali, Katrin Gísladóttir og Arni Stefánsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.

570 4800

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800 - Fax 570 4810



AUSTURGERÐI - KÓPAVOGUR

158 fm neðri sérhæð í tvíbýli með bílskúr (íbúðin er 130 fm og bílskúr 28 fm) á fallegum stað í vesturbæ Kópavogs. Fjögur rúmgóð herbergi og stór og björt stofa með útg. í sólskála og þaðan í garð. Þvottahús innan íbúðar. Hús klætt að utan. Bílskúr stendur við hlíð hússins. Lóð gróin. **Verð TILBOÐ**



SÓLEYJARIMI - RAÐHÚS - SKIPTI Á MINNA

Glæsilegt 210 fm milliráðhús með glæsilegu útsýni yfir Reykjavík. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum byggt árið 2006. Á neðri hæð er: Anddyri, tvær stórar stofur, gesta wc. og eldhús. Á efri hæð eru: þrjú stór herb., sjónvarpsherb. þvottahús og baðherb. Glæsilegar innréttingar. Parket og flisar á gólfum. **Verð 52 millj. SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN.**



HRAUNBÆR - EINSTAKLINGSÍBÚÐ

Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

HEILSA**Heilsuvörur**

Aloe Vera drykkurinn hjálpaði mér!
Sjálftæður dreifingaraðili FLP. Frí heim-
keysla og 2 mán. skilarettur á tónum
umbúðum gegn endurg. Geymið aug-
lýsinguna. Jón s. 892 2001 & 553 1760.

Þú nærð göðum árangri
með Herbalife
FYRIR **EFTIR**
Bergrun Ingimarsdóttir
Sími: 861 5512
beco@simnet.is / www.bergrun.is
Sjálftæður dreifingaraðili

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð
þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu
árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s.
899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife
Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni.
Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúk-
unarfræðingur. www.halldorabjarna.is
S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife.
Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/pruf-
ur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig
iðjubjálfi/einkabj. s. 862 5920.

Sundleikfimi**Sundleikfimi!**

Skelltu þér í sundleikfimi með frábærum kennara í
sundlaug Hótel Loftleiða.

Námskeiðið er 2 daga í viku á mánudögum og miðvikudögum kl.20.00.

Vinsamlega skráið ykkur í síma 444-4085
frá kl.13.00-18.00 fyrir 5. nóvember.
Heitt á könnunni!

Hlökkum til að sjá ykkur!
Kveðja,
starfsfólk sundlaugar Hótel Loftleiða
Sími: 444-4085 / 662-0485

IH
ICELANDAIRHOTELS
LOFTLEIÐIR

東方
**DONG FANG
SALON**
HOTEL LOFTLEIÐIR

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni

Herbalife vöruúrval. Sérstaknar næringarlausnir. dagamunur.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Glæsilegt heilnudd. Uppl. í s. 662 0841.

Whole body massage Telepone 846 4768.

Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 893 8301 www.tantra-temple.com

Nudd - Japanska baðið
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, dítux og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

Snyrting

VILTU NÁ ÁRANGRI?



Meira prótein, færri hiteneingar, flottari voðvar Orkan í lag meira óþálad. Nýr lífstíll... Herbalife... það er málið
Aubur 693-2965 / Hanna 892-4284
Lilja 663-0670 / Rakel 868-3017
Rósalind 898-6559

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC



INTER-LINGUAL LEARNING
ICELANDIC Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 10/11, 8/12. Level II: 7 weeks; Md/Wd/Frd; 20-21:30: 8/12, 16/2. Level III: 10 weeks Tsd/Thsd: 9/12, 10/3. Level IV: 10 weeks; Sat/Sun 10-11:30: 17/1. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

Kennsla

HLÚÐU AÐ PÉR OG ÞÍNUM :) EINKATÍMAR - GJAFAKORT - NÁMSKEIÐ Námskeið í Andlits- og indversku höfuðnuddi laug. 8 nív. nk. Námskeið í UNGBARNANUDDI fimmtud. 6 nív. kl. 13.00 Hjá fagaðila HEILSUSETRI ÞÓRGUNNU EGILSGÖTU 30 101 Reykjavík Sjá www.heilsusetur.is og vertu velkomin að hringja í s: 8969653

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vígfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

HEIMILIÐ

Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæst af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl www.afsyr-ing.is S. 897 5484 & 897 3327.

Dýrahald



Til sölu Silky Terrier hvolpar. Bólusetur, örmerktir með ættbók. S. 897 9257.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.
Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4530.

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu **FRÍTT** Leigjandi leitaðu **FRÍTT**

Leiga.is
Löggild leigumíðlun

Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488
*m.v. 10 daga

parftu að leigja?

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðuðu rentus.is

Rentus
LEIGUMÍÐLUN

Langtímaleiga. Sjáland, Garðabær. Ný glæsileg 3ja herb. 118 fm íbúð ásamt 11 fm geymslu og stæði í bilgeymslu. Sjávarútsýni. Árni, 8602240.

Ný 3ja herb. íbúð við Norðurbakka í Hafnarfirði er laus til langtímaleigu. 98fm auk 8 fm geymslu og bílakjallara. Frábært útsýni. Páll, 6964464.

4ja herb. íbúð í 200 Kópavogi til leigu. Leigist með húsg. Verð kr. 130þ á mán. Uppl. í s. 8664147

Herbergi á 2. hæð, mjög snyrttil. reyklaust, hátt til lofts, stórir gluggar, parket, sameiginlegt eldhús, bað, og þvottahús á hæð, þráðlaust i-net,verð frá 37 þús/mán. uppl. síma, 8635514.

Til leigu 90fm í E Breiðholti lítill blokk langtímal. laus. v 110 þús s 8251505

Herbergi á 101 RVK innifalið: internet, þvottavél, þurrkari, WC, ekdhús, rafmagn og hiti, laus stax. Leiga samkomulag. S. 698 9608

101 Reykjavík 2-3 herbergja, mjög flott íbúð, séríngangur, leiga samkomulag. Laus 1. des S. 698 9608

2 herb. íbúð til leigu við Hjallabrat í Hlj. í blokk f. 60 ára og eldri. Leiga 70 þ. pr. mán. Uppl. í s. 615 1313 & 863 4331.

Langtímaleiga
2ja - 3ja - 4ja herb. íbúðir. Upplýsingar á www.heimahagar.is

Falleg 4 herbergja íbúð á fyrstu hæð í Hafnarfirði til leigu. upplýsingar í 661-7972 eða 8488591

Til leigu í Álfamýri 108 Rvk gott herb. m. húsg., aðgangur að baði, eldh., þvottahús, internet. Bara stelpur koma til greina, reyklaus einstakling. Leiga 50 þ. Uppl í s. 618 3105.

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Til leigu 4 herb. íbúð á svæði 104. V. 120 þús. á mán. S. 898 0187.

Vel staðsett 2ja herb. kj-íbúð í R-109 laus til leigu. Reykleysi og reglusemi. Sími 6951790 og takkar@visir.is

3ja herb. íbúð í 104 Rvk. Ný uppg., leiga 120þ. pr. mán. Uppl. í s. 867 8871.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í síma 770 6090.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Fasteignir

VIL KAUPA STÓRT EINBYLISHÚS Í SKIPTUM FYRIR TVÖ EINBYLI Í BREIÐHOLTI 8937211

Atvinnuhúsnæði

3 herb. risíbúð á Hraunteig til leigu 90 þús. Laus strax. uppl. eftir kl 7eh s. 6977703 og 5345349

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

Geymsluhúsnæði

geymslaeitt.is
Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S. 564 6500.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktad & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Gisting

Gisting í Kaupmannahöf
Fullbúnað lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

ATVINNA

Atvinna í boði

Rafvirkjar
Hafið þið áhuga á smáspennulögnum og eru þið opnir fyrir nýjum tækifærum? Ef svo er þá vantar mig menn í þægilega og snyrtilega innivinnu á höfuðborgarsv.
Aðeins íslenskumælandi aðilar með hreint sakavottorð koma til greina. Nánari uppl. í s. 660 4090. Birgir

Bifvélavirkjar. Vantar mann vanan vinnu með bílanagreina. BSAHf Akureyri. s 6601075

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Atvinna óskast

Erum nokkrir fjölhæfir starfsmenn til í allt, kíktu á okkur á
Sigurtak.is

36 ára dugleg kona óskar eftir vinnu, t.d. við ræstingar. Uppl s. 824 4733

HENDUR.IS
Auglýstu FRITT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Ný leið – ný tækifæri.



EKRON
STARFSÞJÁLFUN
www.ekron.is

Einkamál

Símapjónusta
Spjalldómur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.

Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

stefnumot.is
Mjög vandaður vefur fyrir lögráða fólk á öllum aldri sem leitar nýrra kynna með félagsskap, vinskapa eða varanleg kynni í huga.

Húsnæði óskast

Húsnæði óskast!!

Frjáls félagasamtök óska eftir ódýru 30 -50 fm húsnæði fyrir starfseminu næstu 6 mánuðina. Greiðslugeta takmörkuð en traust. Staðsetning miðsvæðis í RVK.

Áhugasamir hafið samband við
Birgi í síma 6150530 eða birgir@gmail.com

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Þjónusta

Hefur þú prófað:

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIDIR

Ayurveda nudd

Vísindi lífsins

Opunartími:
Virka daga 11.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
message@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIDIR

ALLT NÁM

Alla þriðjudaga

LISTMÁLARINN HENRI MATISSE
LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1954

„Það eru alls staðar blóm
fyrir þá sem vilja sjá þau.“

Henri Matisse er einn af
helstu feðrum nútímamynd-
listar. Hann var þekktur fyrir
málverk í sterkum litum með
mjúkum formum.



tímamót

timamot@frettabladid.is

Hádegisfundur um nýtt Ísland

EPÍKOS – Miðstöð Íslands um samfélagsábyrgð fyrirtækja stendur fyrir hádegisfundum miðvikudaginn 5. nóvember klukkan 12.00 til 13.15 í stofu 101 í Háskólanum í Reykjavík. Um ræðuefnið verður samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja.

Hið nýja Ísland verður rætt og skoðað út frá sjónarhóli stjórnvalda, atvinnulífsins og almennings en ljóst er að gjörbreytt viðskipta-umhverfi vekur upp margar spurningar um framtíðarskipan íslensks viðskiptalífs. Þeirra á meðal eru spurningar er líta að hlutverki samfélagsábyrgðar þegar kemur að endurreisn viðskiptalífsins hér á landi og þá velta margir fyrir sér hvernig hið nýja Ísland muni koma til með að líta út.

Framsögumenn á fundinum verða: Björgvin G. Sig-



Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðgjafi, er einn framsögumanna á fundinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

urðsson, viðskiptaráðgjafi, sem skýrir frá sjónarhóli stjórnvalda, dr. Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi landlæknir og forseti heilbrigðisvísindasviðs HÍ, fjallar um heilbrigða sál í heilbrigðu fyrirtæki og Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors, sem hlaut Vaxtarsprotann 2008, ræðir um samfélagsábyrgð fyrirtækja frá sjónarhóli íslensks fyrirtækis. Aðgangur er ókeypis og öllum opin.



Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitast eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á nokkrar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Á vef Kvennasögusafnsins, www.kvennasogusafn.is/Teofani/Teofani/Teofani.htm er hægt að skoða allar myndirnar.

Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar er hann þóttinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525 5779 eða í tölvupósti á netfangi@audurs@bok.hi.is.



Ástkær dóttir mín, móðir, amma, systir, móðursystir
og mágkona,

Katla Sigurgeirsdóttir

Þórsögðu 22, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans, föstudaginn
31. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Anna G. Kristgeirsdóttir

Elva Rakel Sævarsdóttir

Aron Kristinn Haraldsson

Stella Sigurgeirsdóttir Jóhann Bjarni Pálmason

Salka Þorgerður Jóhannsdóttir Stelludóttir

Daði Sigurgeirsson

Kristgeir Sigurgeirsson

ÞETTA GERÐIST: 3. NÓVEMBER 1903

Panama lýsir yfir sjálfstæði

Panama lýsti yfir sjálfstæði frá Kólumbíu 3. nóvember 1903 að áeggjan Bandaríkjustjórnar. Yfirráð yfir Panamaskurðinum var helsta ástæða þess að Bandaríkjamenn vildu að Panama klyfi sig frá Kólumbíu.

Framkvæmdir við skurðinn hófust seint á 19. öld til að stytta siglingaleiðina milli Atlantshafs og Kyrrahafs. Ekki tókst að ljúka verkinu en þegar Theodore Roosevelt tók við embætti forseta Bandaríkjanna var eitt af forgangsverkefnum hans að láta ljúka framkvæmdum við skurðinn. Bandaríkin höfðu hafið samningaviðræður við Kólumbíu um yfirráð yfir Panamaskurðinum en samningaviðræðurnar gengu ekki upp. Bandaríkjamenn fóru því þá leið að styðja sjálfstæðiskröfur Panama og sendu hermenn til aðstoðar. Panama lýsti yfir sjálf-



stæði 3. nóvember 1903 og staðfesti samning við Bandaríkin um Panamaskurðinn. Samningurinn veitti Bandaríkjunum yfirráð yfir landsvæðnum báðum megin við skurðinn, um fimm mílur í hvora átt og rúman rétt til íhlutunar í málefni Panama. Kólumbía viðurkenndi ekki sjálfstæði Panama fyrr en árið 1921.

Bandaríkin höfðu ítrekað afskipti af innanríkisráðgjafum Panama allt til ársins 1936 en þá afsalaði Bandaríkjustjórn sér réttindum sínum til þess að hafa hermenn fyrir utan yfirráðasvæði Bandaríkjanna.

Panama og Bandaríkin deildu um Panamaskurðinn allt þar til samkomulag náðist árið 1977 um að Panama myndi fá yfirráð yfir skurðinum árið 1999.

MERKISATBURÐIR

- 1660 Kötlugos hefst og fylgja því miklir jarðskjálftar og jökulhlaup. Gosið stendur fram á vetur.
- 1928 Tyrkir taka upp latneskt stafróf í stað þess arabíska.
- 1942 Seinni orrustan um El Alamein endar. Þýski herinn undir stjórn Rommels neyðist til að hefja brottfarir.
- 1986 Íran-Contra málið kemst í dagsljósið. Líbanskt tímarit greinir frá því að Bandaríkin hafi selt Írön-um vopn á laun til að frelsa bandaríska gísla í Líbanon.
- 2007 Pervez Musharraf lýsir yfir neyðarástandi í Pakistan.

AUÐUR KRISTINSDÓTTIR: HEFUR GEFIÐ ÚT PRJÓNABLAÐIÐ YR Í 20 ÁR

Eins og að koma með barn heim af fæðingardeildinni

„Það býr sköpunargáfa í hverju einasta hjarta enda alltaf gaman að sjá eitthvað verða til,“ segir Auður Kristinsdóttir, verslunarkona og útgefandi prjónablaðsins Yr. Það hefur komið út í tuttugu ár og aldrei verið vinsælla. Auður veðjar á að margir fái mjúka jólapakka. „Fólk sér hag í að prjóna jólagjafirnar,“ segir hún og viðurkennir að tískan hjálpi til. „Fólki finnst gaman að skarta prjónuðum og hekluduðm flíkum. Það felst líka mikil gleði í að gefa fólki tíma sinn og handverk.“ Hún segir ekkert blað hafa selst eins vel og nýja haustblaðið. „Það er 50 prósentu söluaukning frá því í fyrra,“ upplýsir hún.

Auður var handmenntakennari áður en hún hóf rekstur prjónabúðarinnar Tinnu 1982. „Ég prjóna öllum stundum yfir sjónvarpinu og það var áhugi minn á handmennt sem varð til þess að ég stofnaði fyrirtækið og með tímanum sérhæfði ég mig í innflutningi á prjónagarni einkum frá Sandnes í Noregi. Tók litla bílminn og fór út á akurinn að kynna það sem ég var að gera. Árum saman hef ég farið hringinn á hverju sumri til að heilsa upp á viðskiptavinina, byggja upp tengsl og fá að vita hvað fólkið vill.“

Það var svo árið 1988 sem fyrsta prjónablaðið leit dagsins ljós. „Ég sá fljótlega að það vantaði blöð á íslensku því konur þyrsti í að fá uppskriftir á sínu móðurmáli. Þá fór ég að gefa út Prjónablaðið Yr. Það var mikið í ráðist. Ég kunní ekkert fyrir mér í prentheiminum og þurfti að tileinka mér aðferðirnar sem þá voru notaðar. Hann reiknaði ábyggilega í mánuðum tímum sem ég var í prentsmiðjunni að fá rétta liti, fara yfir texta og fylgja blaðinu eftir frá á til ö. Nú 20 árum síðar geri ég þetta allt í tölvu á skrifstofunni, ásamt fjölskyldunni og þarf ekki að stíga fæti í prentsmiðju.“

Auður hefur upplifað ýmsar breytingar á tiskunni. „Tiskan fer alltaf í hringi og nú sést ýmislegt sem minnr á flíkur fyrir 15 til 20 árum, víðar ermar og fleira. Heklið er líka að koma sterkt inn eftir nokkurt hlé. Eitt breyttist þó ekkert í tímans rás. Þegar nýr einstaklingur kemur í heiminn þá fylgir það þjóðarsálinni að prjóna handa honum.“

Prjónablaðið Yr kemur út tvisvar á ári í 5.000 eintökum. Uppskriftirnar eru flestar frá Sandnes en einnig er talsvert um íslenska hönnun. „Blaðið hefur þá sérstöðu að í því eru engar auglýsingar og það fæst einungis á sölustöðum okkar garns en hvorki



Kjöll úr nýjasta prjónablaðinu.



SITUR ALDREI AUÐUM HÖNDUM, Ég dáist að íslenskum konum sem eru einstaklega framsæknar og duglegar við prjónaskapinn,“ segir Auður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

í bókabúðum né bókasöfnunum,“ segir Auður og bætir við að Tinna sé líka með ókeypis prjónaklúbb og í honum séu 7.300 konur. Þær fá fréttir af öllum nýjungum og uppskriftir einu sinni til tvisvar í mánuði.

Þegar Auður er spurð hvenær útgáfan hafi verið skemmtilegust svarar hún: „Ég held mér þyki skemmtilegast núna! Annars er allt-

af gaman að gefa út blað. Það er eins og að koma með barn af fæðingardeild. Meðganginn er löng en fæðingin stórkostleg þegar allt er í góðu lagi. En þetta blað væri ekki það sem það er ef ég hefði ekki haft frábært starfsfólk. Ég dáist líka að íslenskum konum sem eru einstaklega framsæknar og duglegar við prjónaskapinn.“

gun@frettabladid.is

Komst með mynd á Canon-vefinn

Fyrirtækið Canon notar mynd eftir íslenskan áhugaljósmyndara sem kynningarefni á heimasíðu sinni.

Ljósmyndarinn heitir Reynir Lord og hann lýsir tildrögunum svo: „Ég er nýbyrjaður að taka myndir fyrir alvöru. Keypti mér Canon vél núna í ágúst og var að skrá hana nýja inn á Canon-vefinn þegar mér var boðið að opna síðu og senda þangað myndir í ljósmyndasamkeppni. Ég skellti mynd af gömlum físhjalli inn og gleymdi málinu.“


Svo var ég í síðustu viku að fara yfir heimasíður sem ég hef merkt við og kíkti inn á samkeppnisvef Canon. Þá sá ég að myndin mín var á forsiðunni. Hún er tekin rétt við landamæri Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Mér sýnist á landakorti að svæðið heiti Dysjar. Það er dulúðugt enda fer ég oft þangað að mynda.“

Áhugasamir geta séð myndina með því að fara á slóðina newsletters.canon-europe.com/Web/Locale/en-GB/gallery/default.aspx



Myndin sem Reynir sendi af rælni í samkeppnina til Canon er tekin á mörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

- gun



Hefur þú hugmynd um hvað virkar best?

Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

að börn og foreldrar verji tíma saman

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is



TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Fimmtudagurinn 6. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:



SAMBAND ÍSLENSKRA SVETTARFÉLAGA

Verkefnið er styrkt af
actavis

BAL- LETTI SÍMA KLEFA

MARKAÐSMÁL NÆSTU MISSERI
– SÖMU KRÖFUR, ÞRENGRI STAKKUR.

BALLET Í SÍMAKLEFA

Þann 6. nóvember milli kl. 15 og 17 halda Hvíta húsið og Nordic eMarketing ráðstefnu um nýjar áskoranir í markaðsmálum. Allir fyrirlestrarnir fjalla um hvernig skal bregðast við þessu breytta umhverfi.

Ráðstefnan er haldin í ráðstefnusalnum Hvammi á jarðhæð Grand Hótel Reykjavík og er öllum opin. Ráðstefnugjald er 4.900 kr. Skráning á hvitahusid.is/ballett.

DAGSKRÁ:

FUNDARSTJÓRI
Sverrir Björnsson setur ráðstefnuna.

VÖRUMERKIÐ – EKKERT HJARTASTOPPI!
Magnús Loftsson, Hvíta húsinu.

INTERNETIÐ ER MEIRA EN NETBORÐAR
Kristján Már Hauksson, Nordic eMarketing.

KAFFIHLÉ

AÐ BIRTA EÐA EKKI BIRTA?
Elvar Örn Arason, ABS-Fjölmiðlahúsi.

MARKAÐSSETNING HEFST INNANHÚSS
Elín Helga Sveinbjörnsdóttir, Hvíta húsinu.

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERA GÓÐAR AUGGLÝSINGAR
Halldór Birgir Bergþórsson og Kári Sævarsson, Hvíta húsinu.

UMRÆÐUR



NOKKUR ORÐ
Vigdís
Pormóðsdóttir

Löghlýðni á uppleið

Þregða þjóðarinnar til að fara gangandi á milli staða hefur verið afar áberandi hin síðustu ár. Flestir hafa álitnið hentugra í alla staði að keyra um í bílnum sínum, enda inni í honum hvorki rigning né rok. En þeir fáu sem hafa látið sig hafa það að labba á milli staða hafa aldeilis ekki verið á þeim buxunum að láta einhver umferðar- og gönguljós tefja för sína, enda fer maður nógu skrambi hægt svona á tveimur jafnfljótum.

Fátt hefur þótt hallærislegra meðal íslenskra bílleysingja en að standa rólegur á gangstétt og bíða eftir að græni göngukarlinn birtist á gönguljósalampanum. Svalara hefur verið að vaða yfir götuna þó að rauði kallinn blasi við og beljandi bílafljótið geri sig líklegt til að merja mann í kássu. Þeir fáu rólyndismenn sem staðið

hafa rólegir og beðið eftir grænu ljósi hafa gjarnan verið sakaðir um varkáran skandinavískan hugsunarhátt og jafnvel verið uppnefndir Danir, en slíkt hefur lengi verið eitt það ljótasta sem kalla má áhættusækinn Íslending.

En á örskömmum tíma hefur afstaða þjóðarinnar til áhættuhegðunar breyst verulega: nú þykir einmitt smart að fara varlega. Því hefur nokkuð borist á því upp á síðkastið að á gangstéttum borga og bæja standi pollrólegt fólk sem horfir á bílana eða fram hjá sér á ofsahraða og bíður eftir grænu gönguljósi. Þetta hefði talist afar glötuð hegðun í sumar, en virðist vera á ótvíræðri uppleið um þessar mundir. Ef kreppan verður hörd er aldrei að vita nema þjóðin temji sér varkára hegðun á fleiri sviðum lífsins.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Á RÓLEGU NÓTUNUM Trúnaðarmál fæst ókeypis í Brauðhúsinu í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Gefa út geisladisk í bakaríi

Trúnaðarmál nefnist nýr diskur með Guðmundi Guðfinnssyni og Tómasi Malmberg. Í dag á milli kl. 17 og 18 ætla þeir að gefa diskinn út í bakaríi Guðmundar, Brauðhúsinu í Grímsbæ. „Okkur fannst það bara hljóma vel að gefa út diskinn á þennan hátt,“ segir Guðmundur. „Þú þarft ekki einu sinni að kaupa mitt frábæra lífrænt ræktaða brauð til að fá disk, það er bara nóg að mæta og þá færðu eintak. En bara á milli kl. 17 og 18.“

Þetta mun vera í fyrsta skipti sem diskur er „gefinn út“ á þennan hátt á Íslandi. En hvað er svo á diskinum? „Þetta er allt á rólegu nóttunum hjá okkur. Við notum gítar, píanó og bassa, og smá munnhörpu sem skraut. Þetta er lágstemmt þjóðlagapopp. Ég veit ekki hvort það er réttlæt-anlegt að bera þetta saman við einhverja fræga, þetta eru eiginlega bara við. Og við höfum til dæmis sameiginlega mikið dálæti á Bob Dylan.“ - drg



STYÐUR FJÖLSKYLDUR FÓRNARLAMBA Jennifer Hudson hefur stofnað styrktarsjóð sem er ætlað að styðja fjölskyldur fórnarlamba ofbeldisárása.

Stofnaði styrktarsjóð

Jennifer Hudson og fjölskylda hennar hafa ákveðið að stofna sjóð til styrktar fjölskyldum þeirra sem hafa orðið fórnarlömb árása. Söngkonan og Óskarsverðlauna-leikkonan Jennifer stofnaði sjóðinn í minningu móður sinnar, bróður og sjö ára frænda sem voru öll skotin til bana í síðustu viku.

Tilgangur Hudson-King-sjóðsins er að sinna þörfum fjölskyldna sem hafa misst nána ættingja í ofbeldisárásam með því að veita þeim matarstyrk, föt, skjól og sálfræðiaðstoð í sorgarferlinu. Fyrirverandi eiginmaður eldri systur Hudson er talinn hafa orðið fjölskyldumeðlimum hennar að bana, en hann er í haldi lögreglu og málið er enn í rannsókn.

Madonna sendir Guy tóninn

Hafi nánir vinir Madonna og Guy Ritchie vonast til þess að skilnaður þeirra yrði lágstemmdur þá verður þeim ekki að ósk sinni. Breska pressan keppist nú við að segja hryllingssögur af hjónabandi þeirra og samskiptum eftir að tilkynnt var um að þau hygðust skilja.



ALLT Í HÁALOFT Madonna og Guy virðast ekki ætla að fara hljóðlátu leiðina í skilnaði sínum þrátt fyrir beiðni Lourdes, dóttur Madonna.
NORDICPHOTOS/GETTY

getur fólk ímyndað sér hvernig það var að búa með henni,“ bætir hann við.

Vinir leikstjórans segja hann þó hafa mestar áhyggjur af börnunum; Lourdes, Rocco og David. „Hann hefur ekki séð þau í marg-

ar vikur vegna þess að þau eru á tónleikaferðalagi með mómmu sinni. Hann á að fá þau í byrjun þessa mánaðar en Madonna segist vera of upptekin til að vera viðstödd þá. Honum er alveg sama. Hann vill bara fá að sjá börnin.“

TOPP 10:

HVAÐ BREYTTIST Í KREPPUNNI?

1. Innlit/útlit verður Nurlað/hamstrað
2. Jón og Hannes fara ekki í gumball 3000 heldur í paintball 2009.
3. Sumarhöll Sigurðar verður Sumarhöllin, dvalarheimili Borgfirðinga.
4. Greiningardeildir byrja að litgreina.



5. Hús DeCode verður Hitt húsið.
6. Forseti Íslands veitir Vúd beitusölu útflutningsverðlaun forsetans.
7. Glitnishlaupið verður Reykjavík-arramarþonið.
8. Sérstakri auðmannastúku verður komið fyrir á Ölveri.
9. 50 Cent verður ekki í 45 ára afmælinu heldur pönkbandið Hemmi króna.
10. Hallgrímur Helgason selur fullklárað málverk á góðgerða-uppboði á 15 þúsund.



RES Orkuskiólinn

Vertu orkugjafi framtíðarinnar.

Umsóknarfrestur til meistaranáms í vistvænni orkunýtingu er til 1. desember næstkomandi.

Um er að ræða eins árs alþjóðlegt meistaranám (90 ECTS) í vistvænum orkugjöfum og er ætlað nemendum sem lokið hafa B.Sc. námi í verkfræði eða raungreinum, eða B.A. námi í hagfræði (braut um orkukerfi og orkustjórnun). Námsárið hefst í febrúar 2009 og verður boðið upp á sérhæfingu á fimm námsbrautum:

Jarðhitaorku ; Efnarafölum og vetnisorku ; Lífmassaorku og vistvænu eldsneyti ; Vatnsaflsorku ; Orkukerfi og orkustjórnun.

Boðið er upp á meistaranámið í nánú samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, sem útskrifa nemendur skólans.



RES | THE SCHOOL
for RENEWABLE ENERGY SCIENCE

res.is

Nýtt í bíó LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

ALLS EKKI FYRIR VÍÐKVÆMA!

QUARANTINE
EAGLE EYE
REYKJAVÍK RÖTTERDAM
MAMMA MIA

SÝNINGARTÍMAR

QUARANTINE	kl. 6, 8 og 10	16
EAGLE EYE	kl. 8 og 10.15	16
SKJALDBAKANN OG HÉRINN	kl. 6 (650 kr.) - ISL.TAL.	L
REYKJAVÍK RÖTTERDAM	kl. 10	12
MAMMA MIA	kl. 6 og 8	L

KOMIN Í BÍÓ TRYGGU ÞÉR MIÐA Í TÍMA

HIGH SCHOOL MUSICAL 3
„STÆRSTA OPNUN Á DANS & SÖNGVAMYND ALLRA TÍMA Í U.S.A.“

EAGLE EYE
ÞÚ HLÝÐIR, EF ÞÚ VILT LÍFA!

Stærsta opnun á dans & söngvamynd allra tíma í U.S.A.

SMÁRA BÍÓ				SELFOSS			
HSM 3	kl. 6D - 7:30 - 8:30D - 10:10	L		HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 8	L	
HIGH SCHOOL MUSICAL	kl. 5:30	VP		SEX DRIVE	kl. 8 - 10:20	12	
EAGLE EYE	kl. 5:40 - 8 - 10:30	12		BURN AFTER READING	kl. 10:10	16	
EAGLE EYE	kl. 8 - 10:30	VP		AKUREYRI			
SEX DRIVE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12		HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 6 - 8	L	
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 8	L		NIGHTS IN RODANTHE	kl. 6	L	
DARK KNIGHT	kl. 10:10 vegna áskorana	12		EAGLE EYE	kl. 8	12	
GEIMAPARNIR m/isl. tali	kl. 6	L		KEFLAVÍK			
KRINGLUNNI				HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 8	L	
HIGH SCHOOL MUSICAL	kl. 5:40 - 8 - 10:30	DIGITAL	L	MAX PAYNE	kl. 10:10	16	
EAGLE EYE	kl. 8 - 10:30	DIGITAL	12	HAPPY GO LUCKY	kl. 8	14	
SEX DRIVE	kl. 8:20 - 10:30	L		BANGKOK DANGEROUS	kl. 10:10	16	
JOURNEY 3D	kl. 5:50	DIGITAL-3D	12				
WILD CHILD	kl. 5:50	L					

NÝTT Í BÍÓ!

11. MARS 2008 VAR ÍBÚÐARLOK Í LOS ANGELES INNSIGLIÐ AF THYRÖLUN. (BÚARNIR HAFU EKKI SÉST SÍÐAN)

LÚXUS

ENGAR UPPLÝSINGAR EÐA VTNI FYRR EN NÚNA!

QUARANTINE
STRANGLA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA!
ALLS EKKI FYRIR VÍÐKVÆMA!

WHERE IN THE WORLD OSAMA BIN LADEN

my best friend's girl

HEIMILDAMYND EFTIR JÓN EGIL BERGHÖRSSON UM SALINA HANS JÓNS MINS Í TELEFNI 20 ÁRA STARFSAFMÆLIS

Brjáðislega myndin mynd í anda American Pie!

MAX PAYNE

REYKJAVÍK RÖTTERDAM

SKJALDBAKANN OG HÉRINN

women

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000				REGNBÖGINN Sími 551 9000			
QUARANTINE	kl. 8 - 10:10	16		QUARANTINE	kl. 8 - 10*	16	
QUARANTINE LÚXUS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16		MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 6 - 8 - 10	12	
MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12		MAX PAYNE	kl. 8 - 10:15	16	
MAX PAYNE	kl. 8 - 10:15	16		HOUSE BUNNY	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16	
HOUSE BUNNY	kl. 3:40 - 5:45	L		HOUSE BUNNY	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L	
REYKJAVÍK RÖTTERDAM	kl. 5:50 - 8 - 10:10	14		BURN AFTER READING	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16	
SKJALDBAKANN OG HÉRINN	kl. 4 - 6	L					
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3:45	A 5%					

HÁSHOLA BÍÓ Sími 530 1919				BORGAR BÍÓ Sími 462 3500			
WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN	kl. 6 - 8 - 10	10		QUARANTINE	kl. 8 - 10*	16	
HÉR ER DRAUMURINN	kl. 6 - 8 - 10	L		MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 6 - 8 - 10	12	
THE WOMEN	kl. 5:30 - 8	L		SKJALDBAKANN OG HÉRINN	kl. 6	L	
REYKJAVÍK RÖTTERDAM	kl. 5:40 - 8 - 10:10	14					
BURN AFTER READING	kl. 10:15	16					

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA **mid.is**

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANNA MED KREDITKORTI

Tekjuhæsta mynd allra tíma

Söngvamyndin Mamma Mia! með Meryl Streep og Pierce Brosnan í aðalhlutverkum er orðin tekjuhæsta mynd allra tíma í heimalandi sínu. Síðan myndin kom út í júlí hefur hún þénað rúmar 67 milljónir punda, rúmri milljón meira en fyrsta Harry Potter-myndin aflaði í Bretlandi.

Mamma Mia! er þar með orðin önnur tekjuhæsta kvikmynd sögunnar í Bretlandi á eftir Titanic. Bretar eru ekki þeir einu sem hrifast af myndinni því hún er einnig orðin tekjuhæsta myndin í Þýskalandi, Nýja-Sjálandi, Suður-Afríku og Svíþjóð. Hér á landi hafa bíógestir einnig flykkt á myndina. „Hið áhugaverða er hversu



MAMA MIA! Söngvamyndin Mamma Mia! er uppfull af lögum sænsku hljómsveitarinnar Abba.

fljótt myndin hefur náð þessu takmarki,“ sagði David Kosse hjá Universal Pictures International. „Við erum komin fram úr Harry Potter og sækjum fast að Titanic. Ein ástæða fyrir vinsældunum er sú að fólk kemur að horfa á hana aftur og aftur. Við höfum aldrei séð svona lagað áður.“

Útgáfu frestað á 13 plötum

Þrjú af stærstu plötufyrirtækjum landsins hafa ákveðið að fresta fjölmörgum útgáfum fyrir jólin sökum erfiðs efnahagsástands. Sena hefur slegið á frest sjö plötum, Smekkleysa mun líklega fresta fjórum og 12 Tónar tveimur.

Á meðal þess sem frestast hjá Senu er plata Friðriks Karlssonar og Hönsu og safnplötur með Ladda, Savannatrióinu og Páli Rósinkrans. Einnig hefur fyrirtækið hætt við að framleiða plötu Steed Lord, Truth Serum. Kemur það ekki að sök því hljómsveitin mun halda sínu striki, framleiða hana sjálf og reyna að gefa út síðar í mánuðinum. Alls gefur Sena því út 30 plötur í ár í stað 37.

Veljum íslenskt

„Við ákváðum að grynka aðeins á þessu heldur en að fara alveg óbreytt inn í þetta,“ segir Eidur Arnarsson, útgáfustjóri Senu. „Þetta er bara skynsemi. Í öllum tilfellum voru þetta plötur sem lágu vel við höggi því þær voru stutt á veg komnar. Auðvitað var þetta allt gert í samráði við flytjendur og þetta hefur ekki orsakað nein vandræði. Í einhverjum tilfellum var þetta aðeins erfitt en það skildu allir rökin,“ segir hann. „Við erum með ofsalega sterka útgáfu og höfum trú á að íslenskir neytendur líti sér nær á erfiðum tímum og leiti eftir íslenskum vörum.“



VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON Hætt hefur verið við útgáfu nokkurra klassískra platna, þar á meðal frumburðar píanóleikarans Víkinga Heiðars Ólafssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hætt við klassíkina

Smekkleysa frestar líklega fjórum plötum úr klassíska geiranum, þar á meðal jólaplötu með Hamrahlíðarkórnum. „Við ætlum að gefa þessu ástandi nokkra daga en ef það dregst mikið lengur hefur það óneitanlega áhrif,“ segir Ásmundur Jónsson hjá Smekkleysu og bætir við að útgáfan núna sé minni en undanfarin ár.

Plötur með Jeff Who?, Dr. Spock og Bob Justman eru þó allar væntanlegar síðar í mánuðinum.

Enginn Víkingur Heiðar

12 Tónar hafa frestað tveimur klassískum plötum, þar á meðal

PÁLL RÓSINKRANS Safnplötu söngvarans geðþekka hefur verið slegið á frest vegna slæms efnahagsástands.

frumburði píanóleikarans Víkinga Heiðars Ólafssonar sem hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. „Þetta er diskur sem er búið að bíða lengi eftir en við höfum ákveðið að fresta honum fram á Listahátíð þar sem hann kemur fram,“ segir Lárus Jóhannesson hjá 12 Tönnum. Útskýrir hann að bankar og fjármálastofnanir hafi hingað til stutt duglega við bakið á klassískum útgáfum en þeir styrkir hafi nú gúfað upp og enga peninga sé lengur að fá. Einnig er óvissa með nýja plötu rokksvitarinnar Gavin Portland vegna gengismála.

Aukinn fjöldi ferðamanna

Lárus tekur fram að verslun 12 Tóna standi vel fyrir sínu í þessum ólgusjó. „Hún nýtur góðs af auknum fjölda ferðamanna, það er jákvætt. Svo eru útgáfur að „tikka“ erlendis. Maður heldur bara sínu striki og reynir að hafa áhrif á það sem maður getur haft áhrif á.“ frey@frettabladid.is

Hressst rokk með alþjóðlegum blæ

The Viking Giant Show byrjaði sem sólóverkefni Heiðars Arnar Kristjánssonar fyrir þremur árum, en Heiðar er þekktastur sem meðlimur hafnfirsku rokksvitarinnar Botnleóju. Fyrsta lag The Viking Giant Show var Party at the White House sem sló í gegn og það sama gerði næsta lag í spilun, The Cure. Nú er The Viking Giant Show orðin hljómsveit og fyrsta platan, The Lost Garden of the Hooligans, komin út.

Tónlistin hefur þróast töluvert frá þessum fyrstu lögum, en eitt hefur þó ekki breyst. The Lost Garden of the Hooligans ber það með sér að það er verið að búa til alþjóðlega tónlist og tengingum við Ísland viljandi haldið í lágmarki. Þetta er mjög áberandi í tónlistinni. Party at the White House er amerískur smellur mitt á milli Nirvana og Presidents of the USA, seintitíma efni sveitarinnar er líka mjög amerískt, en meira út í hillibilly og kántrýskotið jaðarrokk. Annars staðar er öðrum stílbrigðum beitt, t.d. í rokkabilílaginu The Funeral sem gæti verið úr einhverjum mexíkóskum

vestra. Þessi alþjóðlegi blæ á líka við um textana. Party at the White House fjallar um bandaríska pólitík, The Cure um kristna trú og samkynhneigð og lokalagið Let's Hear it For the CEO's gæti átt við hvar sem er í hinum kapitalíska heimi og passar reyndar mjög vel inn í kreppumhverfi dagsins í dag. Eins og til að undirstríka þetta enn frekar er umslag-ið þrýtt myndum skoska ljósmyndarans Brians Sweeney. Engin tenging við Ísland þar.

The Lost Garden of the Hooligans er ágæt plata. Lagasmíðarnar eru flestar fínar og það er hressilegur blæ yfir plötunni. Hljóðfæri eins og banjó, mandólín og nikka lífga upp á hljóðheiminn og strákarnir sýna oft ágæt tilprif í hljóðfæraleik. Gítarleikurinn er t.d. skemmtilega „loose“ á köflum. Þetta er hálfgerð partitónlist og ætti að falla í kramið hjá mörgum, getur t.d. höfðað jafnt til hlustenda X-ins, FM957 og Rásar 2.

Mér finnst samt þessa tónlist vanta eitthvað sem gerir hana sérstaka. Platan er skemmtileg og það er greinilega gerjun í gangi,



TÓNLIST

The Lost Garden of the Hooligans

The Viking Giant Show

★★★

The Lost Garden of the Hooligans er hressileg og skemmtileg rokkplata sem hefur yfir sér mjög alþjóðlegan blæ, en sérkenni vantar.

en þetta hljómar samt í það heila of kunnuglega til að það haldi athygli manns mjög lengi.

Trausti Júlíusson

GÓA OG FJARÐARKAUP KYNNA MEÐ STOLTI

Síðast seldist
upp á þrenna tón-
leika á augabragði!
**TRYGGÐU PÉR
MIÐA STRAX
Í DAG!**

Jólagestir

Björgvins

Laugardaginn 6. desember
í Laugardalshöllinni

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
HELGI BJÖRNS
KRUMMI & DANÍEL ÁGÚST
LADDI

PÁLL ÓSKAR & MONIKA
RAGGI BJARNA
SIGGA BEINTEINS
STEFÁN HILMARSSON
SVALA BJÖRGVINS

SÉRSTAKUR GESTUR
KRISTJÁN JÓHANNSSON

STÓRHljómsveit Björgvins · KARLA- OG BARNAKÓR
STRENGJASVEITIN REYKJAVÍK SESSION ORCHESTRA

MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00!



Miðasala á midi.is og á sölustöðum Miða.is

bravó!
Góðar stundir

> Ragnar akstursíþróttamaður ársins

Torfæruökumaðurinn Ragnar Róbertsson var kjörinn akstursíþróttamaður ársins í lokahófi akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA, sem fram fór í Sjallanum um helgina. Ragnar náði í ár einum besta árangri sem íslenskur torfæruökumaður hefur náð, en hann keppti í ellefu keppnum í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi og náði að vinna allar nema eina. Með þessum árangri tryggði hann sér Heimsbikarmeistarann, Norðurlandameistarann og Noregsmeistaratilil í flokki sérsníðaðra götubíla. Ragnar endaði einnig í þriðja sæti í keppninni um Íslandsmeistaratililinn þrátt fyrir að hafa einungis tekið þátt í tveimur keppnum í Íslandsmótinu. Ragnar keppir á „N1 Willys“ bíl sem hann smíðaði 1999.

sport
sport@frettabladid.is



EINAR ÁRNI JÓHANSSON, ÞJÁLFARI BREIÐABLIKS: FYRSTU NÝLIÐAR Í 25 ÁR TIL AÐ VINNA ÚTISIGUR Á MEISTURUM

Margir stimpluðu okkur vonlausa eftir KR-leikinn

Nýliðar Breiðabliks í Iceland Express deild karla komu mörgum á óvart með 21 stígs sigri sínum á Íslandsmeisturinum í Keflavík á föstudagskvöldið. Sigur Blika var sögulegur, þeir unnu sinn fyrsta úrvalsdeildarsigur í Keflavík og Keflavík hefur ekki tapað heimaleik stærra í deildinni í rétt tæp 14 ár. Fyrir leikinn höfðu líka ríkjandi Íslandsmeistarar unnið 50 heimaleiki í röð á móti nýliðum eða síðan að nýliðar Keflavíkur unnu meistara Njarðvíkur 93-91 4. mars 1983. Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Blika, hefur stjórnað Njarðvíkingum til sigurs í Keflavík og vissi greinilega hvað þurfti til svo að Blikar stígu þetta stóra skref. „Frábært hugarfar og mikil trú. Eins fánalega og það hljómar þá höfðum við ofboðslega mikla trú á því að við værum að fara að taka þennan leik. Við vorum að spila ótrúlega vel, það var mikil barátta í liðinu og mikið líf í kringum mannskapinn allan tímann,“ segir Einar Árni en það var 57 stiga sveifla hjá liðinu milli leikja eftir 36 stiga tap á móti KR. „Ég held að margir hafi stimplað okkur vonlausa eftir leikinn á móti KR en eftir sem

áður þá verður þetta erfitt í vetur þrátt fyrir að við höfum unnið Keflavík,“ segir Einar Árni. Hann undirbjó sitt lið vel fyrir svæðispressu Keflvíkinga og það bar árangur. „Að fara í gegnum leik á þeirra heimavelli þar sem þeir eru að pressa okkur í 40 mínútur og vera aðeins með 13 tafaða bolta er mikill sigur,“ segir Einar og fram undan er leikur á móti stígalausum ÍR-ingum í kvöld. „Þetta er ofboðslega erfiður leikur. Við erum að fara að mæta feykilega góðu liði sem er langt frá því að vera einhver fallkandidat. Þetta snýst fyrst og fremst um það að menn tapi ekki sýn á það sem færði okkur þennan góða leik á móti Keflavík,“ segir Einar sem treystir á góðan stuðning. „Ég myndi líta á þennan leik hjá strákunum sem áskoran á stuðningsmenn Breiðabliks að fjölmenna á leikinn á mánudaginn [í kvöld] sem skiptir okkur gríðarlega miklu máli,“ segir Einar en þrátt fyrir glæsilegan sigur á Keflavík hefur markmið liðsins ekki breyst. „Ég er ekki að velta fyrir mér sæti í úrslitakeppninni í dag. Við þurfum bara að fyrst og síðast að koma okkur í þá stöðu að vera ekki í fallsæti,“ sagði Einar að lokum.



ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express karla:

Grindavík-Þór Ak. 108-87 (54-54)
Stíg Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 37, Páll Kristinnsson 17, Brenton Birmingham 12 (11 frá.), 6 stoðs., 5 stolnir, 4 varin), Þorleifur Ólafsson 12, Helgi Jónas Guðfinnsson 9, Guðlaugur Eyjólfsson 7, Arnar Freyr Jónss. 6 (9 stoðs.), Björn Brynjólfsson 5, Davíð Hermannsson 2, Nökkvi Már Jónsson 1.
Stíg Þórs: Cedric Isom 21 (10 frá.), 8 stoðs., Guðmundur Jónsson 17 (12 frá.), Hrafn Jóhannsson 14, Óðinn Ásgeirsson 12, Jón Orri Kristjánsson 11, Bjarki Ármann Oddsson 9, Baldur Ingi Jónsson 3.
 Njarðvík-Tindastóll 75-84 (41-41)
Stíg Njarðvíkur: Magnús Þór Gunnarsson 21 (6 frá.), 5 stoðs., Logi Gunnarsson 17, Friðrik Stefánss. 15 (13 frá.), Sævar Sævarsson 13, Hjörtur Hrafn Einarsson 6, Sigurður Gunnarsson 3.
Stíg Tindastóls: Benjamin Luber26 (6 frá.), 5 stoðs., Darrell Flake 18 (10 frá.), Svavar Atli Birgisson 14, Helgi Rafn Viggósson 11, Ísak Sigurjón Einarsson 8, Soren Flæng 7.
 Stjarnan-Skallagrímur 82-45 (51-22)
Stíg Stjörnunnar: Fannar Freyr Helgason 15, Kjartan Atli Kjartansson 11, Guðjón Hrafn Lárusson10 Justin Shouse 9, Hjörleifur Sumarliðason 8, Jovan Zdravevski 7, Birkir Guðlaugsson 6, Ólafur Jónas Sigurðsson 4, Halfrór Örn Þórisson 4, Helgi Þorleiksson 4, Hilmar Geirsson 4.
Stíg Skallagríms: Þorsteinn Gunnlaugsson 13, Sveinn Arnar Davíðsson 12, Pálmi Þór Sævarsson 8, Trausti Eiríksson 5, Bjarni Ómar Nielsen 3, Óðinn Guðmundsson 2, Sigurður Þórarinnsson 2.

Norska úrvalsdeildin

Tromsø-Stabæk 0-1
 Veigar Páll Gunnarsson lék allan leikinn en Pálmi Rafn Pálmason kom inn á í hálfleik.
 Fredrikstad-Lyn 0-2
 Theódór Elmar Bjarnason lék allan leikinn hjá Lyn en Garðari Jóhannssyni var skipt útaf á 83. mín.
 Rosenborg-Bodø/Glimt 1-3
 Strømsgodset-Viking 3-2
 Vålerenga-Brann 0-1
 Ármann Smári Björnsson, Ólafur Örn Bjarnason og Gylfi Einarsson léku allan leikinn með Brann og Birkir Már Sævarsson kom inn á 49. mínútu.
 HamKam-Molde 0-1
 Aalesund-Lillestrøm 3-0
 Haraldur Guðmundsson sat á bekk Aalesund.

Formúla eitt

LOKSTAÐAN Í HEIMSBIKARNUM:

1. Lewis Hamilton, McLaren	98
2. Felipe Massa, Ferrari	97
3. Kimi Räikkönen, Ferrari	75
4. Robert Kubica, Sauber	75
5. Fernando Alonso, Renault	61
6. Nick Heidfeld, Sauber	60

Hamilton heimsmeistari

Úrslitin um heimsmeistaratililinn í formúlunni réðust ekki fyrr en í síðustu beygju og um tíma héldu Ferrari-menn að Felipe Massa hefði unnið titilinn.

FORMÚLA 1 Það var ekki nóg með að úrslitin í baráttunni um heimsmeistaratililinn réðust í lokamóti ársins heldur réðust þau í síðustu beygju og á endanum munaði aðeins einu stigi á Lewis Hamilton og Felipe Massa.

Lewis Hamilton var við það að missa frá sér annan heimsmeistaratililinn á jafnmörgum árum en náði að vinna sig upp um sæti og tryggja sér fimmta sætið sem var nóg. Hamilton er aðeins 23 ára, 9 mánaða og 26 daga gamall og fyrsti Bretinn til að vinna heimsmeistaratililinn síðan Damon Hill vann hann árið 1996. Hann bætti met Fernandos Alonso sem var 24 ára, eins mánaðar og 27 daga gamall þegar hann vann 2005.

„Það er engin leið að koma orðum að því hvernig mér líður. Ég hugsaði: Náði ég þessu? Er þetta komið? Þegar þeir sögðu mér að ég hefði náð þessu þá missti ég mig alveg,“ sagði Hamilton sem grét af gleði eftir að heimsmeistaratililinn var í höfn. Dramatíkin í lokakappakstri ársins í Brasilíu í gær var engu lík og þegar Felipe Massa kom fyrstur í mark leit út fyrir að hann

væri að tryggja sér líka heimsmeistaratililinn á heimavelli.

Lewis Hamilton var þá dottinn niður í sjötta sætið og það hefði verið nóg fyrir Massa. Hamilton tókst hins vegar að stínga sér fram fyrir Þjóðverjann Timo Glock og tryggja sér heimsmeistaratililinn um leið og Ferrari-menn fögnuðu, að þeir héldu, glæsilegum sigri síns manns. Glock var 18 sekúndum á undan Hamilton fyrir loka-

hringinn en hann var á dekkjum fyrir þurra braut og það skall á úrhelli í lokakafli kappakstursins.

Felipe Massa tryggði Ferrari heimsmeistaratililinn ökuhliða og vann heimakappakstur sinn af miklu öryggi en þetta er í annað skiptið á þremur árum sem hann nær því.

Massa grét í leiklok enda hafði hann skömmu eftir að hann kom í mark fengið þau röngu skilað að heimsmeistaratililinn væri kominn í höfn.

„Þetta var fullkominn kappakstur og við leystum allt frábærlega við mjög erfiðar aðstæður. Ég er rosalega stoltur af öllum sem koma að liðinu. Því miður vantaði okkur aðeins eitt stig en svo leiðis er bara formúlan,“ sagði Massa sem haldaði inn einum sigri meira en Hamilton á tímabilinu en það dugði ekki til. Myndskeiðið af starfsmönnum Ferrari þegar þeir fara í gegnum allan tilfinningaskalann, frá því að fagna titilinum í að fá fréttirnar um að Hamilton hefði í raun unnið, verða væntanlega spilaðar um ókomna tíð enda sýnir fátt annað betur hvað gekk á síðustu sekúndurnar á þessu frábæra keppnistímabili í formúlunni.

ooj@frettabladid.is

MEISTARINN Lewis Hamilton fagnar titilinum sem hann var nærri því búinn að missa annað árið í röð.



TÁRADIST Felipe Massa gat ekki varist gráti eftir dramatíkina í lokin á Brasilíukappakstrinum. NORDICPHOTOS/AFP



GÓÐUR UNDIRBÚNINGUR Stelpurnar okkar er á leið á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kvennalandsliðið í fótbolta:

Mæta þeim bestu á Algarve Cup

FÓTBOLTI Kvennalandsliðinu í fótbolta hefur í fyrsta sinn verið boðið að taka þátt í efri hluta hins árlega æfingamóts Algarve Cup sem fer fram í sextánda sinn í Portúgal í mars næstkomandi.

Íslenska liðið hefur verið með í C-riðli mótsins undanfarin tvö ár en fær nú tækifæri til að mæta bestu knattspyrnuþjóðum heims í A eða B-riðli þessa sterka móts.

Á mótinu í fyrra vann íslenska liðið alla fjóra leiki sína og tryggði sér 7. sætið sem var besti möguleiki þjóða sem spila í C-riðlinum. Nú fá stelpurnar okkar aftur á móti tækifæri til að keppa um sjálfan titilinn.

- 66j

Bolton komst af botninum:

Grétar Rafn lagði upp mark

FÓTBOLTI Bolton vann gríðarlega mikilvægan sigur á Manchester City, 2-0, í ensku úrvalsdeildinni og komst fyrir vikið af botninum og upp fyrir Tottenham og Newcastle. Þetta var aðeins annar sigur liðsins í síðustu níu leikjum.

Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn fyrir Bolton sem hægrri bakvörður og lagði upp fyrria mark Bolton á 77. mínútu, brunaði þá upp hægrri vænginn og sendi boltann þvert fyrir markið þar sem Ricardo Gardner stóð fyrir opnu marki. Seinna markið sjálfsmark Richards Dunne.

- 66j

Þrír leikir fóru fram í fimmtu umferð Iceland Express deildar karla í gærkvöldi:

Grindavík áfram á sigurbraut

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar halda áfram sigurgöngu sinni í Iceland Express deild karla í körfubolta eftir 108-87 sigur á Þór í gær. Mesta spennu kvöldsins var þó í leik Njarðvíkur og Tindastóls í Ljónagryfjunni þar sem Tindastólsmenn unnu fjórða sigur sinn í fimm leikjum á tímabilinu.

Eftir tvo góða útisigra í röð þurfa Njarðvíkingar að bíða enn eftir fyrsta heimasigri vetrarins eftir 75-84 tap á móti Tindastól í Ljónagryfjunni í gær. Njarðvík tapaði einnig fyrsta heimaleik sínum á móti Grindavík.

Ben Luber kvaddi Stólana með enn einum stjörnuleiknum en hann var með 26 stig, 6 fráköst og 5 stoðsendingar í gær auk þess að raða niður mikilvægum vítum í lokin. Frakkinn Alan Fall mun leysa Luber af og hans bíður ekki auðvelt hlutverk enda kveður



LAUFLÉTT Hér reynir Stjórnumaðurinn Hilmar Geirsson að verja skot frá Trausta Eiríkssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Luber Krókinn með 15,6 stig og 5,4 stoðsendingar í leik auk 80 prósentu sigurhlutfalls liðsins.

Magnús Þór Gunnarsson fór mikinn í liði Njarðvíkur og skoraði 21 stig og Logi Gunnarsson var með 17 stig flest þeirra í seinni hálfleik.

Grindavík og KR eru enn einu ósigruðu liðin eftir 21 stígs sigur Grindavíkur á Þór í gær en KR spilar fimmta leik sinn á móti FSU í kvöld. Eftir jafnan fyrri hálfleik fóru Páll Axel Vilbergsson og Grindavíkurlíðið í gang í þriðja leikhlutana og gerði út um leikinn með því að vinna hann 32-11.

Páll Axel Vilbergsson skoraði 37 stig í leiknum þar af þrettán þeirra í þriðja leikhlutunum. Brenton Birmingham átti mjög góðan leik með Grindavík og skilaði góðum tölum á öllum sviðum leiksins.

- 66j

Boltinn er hjá okkur!

**Arsenal
Aston Villa**
14.-16. nóvember

Flug og miði á leik:
TILBOÐ 39.900 kr.
Innifalið: Flug m/sköttum og miði á leikinn.

**Man Utd.
Stoke**
14.-16. nóvember

Flug og miði á leik:
TILBOÐ 35.000 kr.
Innifalið: Flug m/sköttum og öðrum greiðslum og miði á leikinn.

**Arsenal
Dynamo Kyiv**
25.-26. nóvember

Verð á mann í tvíþýli:
TILBOÐ 49.900 kr.
Innifalið: Flug m/sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og hótél m/morgunverði.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is



Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



erum og verðum

ALLT AÐ ÖDÝRARI



INTEL TÖLVA 4

- Intel Core 2 Duo E8400
- 4GB DDR2 XMS 800MHz
- 640GB WD SATA II - 16MB
- 512MB Geforce NX9600GT
- Vista Home Premium



129.950

TURNUPPFÆRSLA 1

- AMD Sempron LE1150
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATA II WD
- 256MB Geforce 6100
- 10/100 netkort




29.950

TURNUPPFÆRSLA 4

- Athlon 64 X2 5200+
- 4GB DDR2 XMS 800MHz
- 640GB SATA II WD
- 384MB Geforce 9600GSO
- 10/100/1000 netkort




89.950

UPPFÆRSLA B

- Intel Core2Duo E2180
- 2GB DDR2 667MHz minni
- MSI móðurborð
- Geforce 7100 skjákort
- Dolby 7.1 hljóðkort




26.950

UPPFÆRSLA C

- Athlon 64 X2 4800+
- 2GB DDR2 667MHz minni
- MSI móðurborð
- Geforce 8600GT skjákort
- Dolby 7.1 hljóðkort




42.950

LOGITECH EX 110



Svart þráðlaust lykklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og optical mús, PS2 og USB tengi

Logitech

6.450

LOGITECH X-240



Logitech X-240 - Svart 2.1 hátalarakerfi mmeð 25W RMS, 2 öflugir hátalarar og stórt bassabox

Logitech

6.950

CREATIVE LIVE CAM VIDEO



Creative Live Cam Video IM Pro flott vefmyndavél með video FX tækni, heyrnatól og hlóðnemi fylgja

CREATIVE

3.950

4GB MINI MINNISLYKILL



4GB Corsair Flash Mini höggheldur minnislykill frá Corsair með 10 ára ábyrgð Einn sá allra minnsti

CORSAIR

3.750

INTEL TÖLVUPAKKI 1



- Intel Core2Duo E2180
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB WD SATA II
- 256MB Geforce 7100
- 19" Acer LCD skjár



109.950

ACER ASPIRE ONE BLUE



- 1.6GHz Intel Atom N270
- 1.5GB DDR2 533MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- 8.9" WideScreen skjár
- Aðeins 1 kg

acer



69.950

500GB ICYBOX MP 303



500GB RaidSonic ICY BOX MP303 margmiðlunar-spilari flott fjarstýring fylgir með

ICYBOX

29.950

500GB ICYBOX MP3010



500GB RaidSonic ICY BOX MP3010 spilari og upp-tökutæki, USB Host, netkort, kortalesari og fjarstýring

ICYBOX

39.950

500GB ICYBOX FLAKKARI



Tilbúin Icy BOX hýsing úr áli með 500GB SATA2 disk frá Western Digital, tengist beint í USB2 tengi

ICYBOX

15.950

WD 160GB PASSPORT



Litill og nettur utaná-liggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunar, fæst í svörtu, hvítu og bleiku

WD Western Digital

12.750

LITE ON DVD SKRIFARI



Lite-On DX-8A1H örpunnur svartur utanálggjandi skrifari 8x DVD R±R/RW, DL 12x með hugbúnaði

LITEON

12.950

700MB PHILIPS CD DISKAR



700MB hágæða geisla-diskar frá Philips 50 stk saman í spindli

PHILIPS

2.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 750 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

> Melina Kanakaredes

„Maður á ekki að skammast sín fyrir að vera það sem maður er. Það eru alltaf einhverjir sem gagnrýna og það breytist ekkert þótt maður reyni að vera eitthvað annað“. Kanakaredes fer með hlutverk Stellu Bonasera í þættinum CSI New York sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** OG **MIKILVÆGI DÆGRASTYTTINGAR**

Áramótaskaup og hertur steinbítur

Árið er 1993 í byrjun desember. Staðurinn er terra nullius; Barentshafið við Ísrónd Norðurheimsskaupsins. Litill íslenskur togari liggur utan á rússnesku olíuskipi og tveir hásetar berja ísinn úr mannopi. Norðanstormurinn lemur ísnálum á frostbitin andlitin. Loksins tekst þeim að gata ísbrynjuna sem hefur hlaðist á skipið undanfarna daga. Tvö andlit birtast í gatinu og stutt kveðja heyrst óljóst í gegnum vélagnýnn; zdrastvuyte! Eg svara; daginn, piltar!

Á þeim tíma sem drepinn var alþjóðlegur þorskur í Smugunni naut fámennur hópur Íslendinga þeirra forréttinda að stunda veiðar í eilífri nótt og drápsfrosti. Brosandi gengu menn til koju á vaktaskiptum, tannburstuðu sig og kroppuðu hrúðrin af kölnum fingrunum. Þetta var lífið! Gat varla verið betra. Af eigin reynslu var aðeins tvennt sem skyggði á veru mína um borð í einu þessara skipa. Allt ferskvatn var frosið í tönknum svo ekki var mögulegt að þvo sér. Hitt var að við urðum tóbakslausir eftir þrjár vikur. Það varð okkur til happs að



á þeim tímupukti þurftum við að taka olíu fyrir tíu daga siglingu suður til Grimsby.

Rússarnir á olíuskipinu virtust ekki vera eins sáttir við dvöl sína og við Íslendingarnir. Ástæðan var kannski að þeir voru búnir að liggja við Ísróndina í átta mánuði, í eilífri bið. Það kom í ljós að þeir fögnuðu allri tilbreytingu, hversu lítilfjörleg sem hún var. Þeir réttu okkur tóbakið sitt og með látbragði gerðu það skiljanlegt að þá vantaði eitthvað að lesa. Við réttum þeim slitin tímarit, en líka harðfisk, niðursoðna ávexti og myndbandsspúlur með nokkrum bíómyndum og klassískum áramótaskaupum. Krítarhvit brosandir andlitin gleymast mér seint. Þakklæti er alþjóðlegt tungumál án orða.

Núna virðist það biða okkar Íslendinga að leggja þjóðarskútunni við Ísróndina. Hvenær ætli það verði að við brosum út að eyrum yfir gömlu áramótaskaupi á spólu, hertum steinbít og apríkósum úr dós? Mín spá: Fljótlega.

EKKI MISSA AF



▶ **19.50 Newcastle - Aston Villa** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.00 Eureka - SKJÁREINN**



▶ **21.10 My Boys** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.15 Sporlaust (Without a Trace)** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50 Journeyman** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.50 Sunnudagskvöld með Evu Maríu (e)

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Hanna Montana (8:26) (e)

17.53 Sammi (1:52)

18.00 Kóalabæðurnir (64:78)

18.12 Herramenn (26:52)

18.25 Út og suður (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.20 Líf með köldu blóði (Life in Cold Blood) (2:5) Breskur myndaflokkur eftir David Attenborough um skriðdýr og froskdýr.

▶ **21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (5:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.

22.00 Tíufréttir

22.20 Sportið | Þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helganna.

22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives) (17:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Meðal leikenda eru Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh, Sterling K. Brown og Brian McNamara.

23.30 Spaugstofan (e)

23.55 Kastljós (e)

00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 The Magic Roundabout

10.00 P.S.

12.00 Four Minutes

14.00 The Madness Of King George

16.00 The Magic Roundabout

18.00 P.S.

20.00 Four Minutes Mynd um lífshlaup læknanemans Rogers Bannister sem varð fyrstur manna til að rjúfa fjögurra mínútna múrinn í einnar enskrar mílu hlaupi.

22.00 Fahrenheit 9/11

00.05 The Wool Cap

02.00 The Tesseract

04.00 Fahrenheit 9/11

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Smá skrifnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Louie og Tommi og Jenni.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.35 La Fea Más Bella (183:300)

10.20 Grey's Anatomy (28:36)

11.15 Hell's Kitchen (1:11)

12.00 Hádegisfréttir

12.35 Neighbours

13.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events

14.45 Two and a Half Men (18:24)

15.30 Friends (15:24)

16.00 Galdrastelpurnar

16.25 Justice League Unlimited

16.50 Leðurblókumaðurinn

17.10 Tracey McBean

17.23 Louie

17.33 Bold and the Beautiful

17.58 Neighbours

18.23 Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.05 Veður

19.20 Kompás

19.55 The Simpsons

20.20 Extreme Makeover. Home Edition (6:25)

21.05 Men in Trees (5:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Þar virðist hún hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.

▶ **21.50 Journeyman** (4:13) Dan Vassar öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka. Á tímaferðalaginu hittir hann fyrrverandi ástkonu sína sem lést í flugslysi. Ef hann breytir fortíðinni og bjargar æskuástinni þá gæti hann glatað eigin framtíð.

22.35 The Unit (15:23)

23.20 Someone Like You

00.55 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events

02.40 New Suit

04.10 Men in Trees (5:19)

04.55 The Simpsons

05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

14.00 Evrópumótaröðin í golfi Útsending frá Volvo Masters mótnu í golfi.

18.00 NFL deildin Útsending frá leik New York Giants og Dallas Cowboys.

20.00 Utan vallar Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

20.50 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helganna og gestir í myndveru ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.

21.30 Box - Joe Calzaghe vs. Roy Jon Fylgst með undirbúningi Joe Calzaghe og Roy Jones jr. fyrir bardagann mikla. Fylgst er með köppunum í þeirra daglega lífi og einnig fá áhorfendur að sjá hvernig þeir búa sig undir slíkan bardaga.

22.00 Spænsku mörkin Allir leikimír og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuðu.

22.30 Þýski handboltinn - Hápunktar Hver umferð gerð upp í þýska handboltanum. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

23.10 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker.

00.05 UFC Unleashed Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Bolton og Man. City.

14.25 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Stoke og Arsenal.

16.05 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Tottenham og Liverpool.

17.45 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífín á einum stað.

18.45 PL Classic Matches Wimbledon - Newcastle, 1995.

19.20 PL Classic Matches Aston Villa - Liverpool, 1998.

19.50 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Newcastle og Aston Villa.

22.00 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífín á einum stað.

23.00 Coca Cola-mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markapætti.

▶ **23.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.40 Vörutorg

17.40 Game tívi (8:15) (e)

18.10 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir fráberar sögur og gefur góð ráð.

18.55 America's Funniest Home Videos (20:42) (e)

19.20 Kitchen Nightmares (10:10) (e)

20.10 Friday Night Lights (8:15) Dramatísk þáttaröð um unglínga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótballa- og höndum. Julie er að falla fyrir nýja kennaranum og ástamálin flækjast fyrir Matt á meðan samviskan nagar Landry.

▶ **21.00 Eureka** (13:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Lokaþátturinn að sinni og allt er í hers höndum í rannsóknarstöðinni. Nú þurfa Carter og Stark að vinna saman til að bjarga bænum.

21.50 CSI. New York (11:21) Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Vindill springur í andlit á ungum manni á skemmtistað og óvinsæll hótaleigandi er myrtur.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglign Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.30 Swingtown (12:13) (e)

00.20 In Plain Sight (6:12) (e)

01.10 Vörutorg

02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

KOMPÁS

Í KVÖLD KL. 19:20 Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

Kólumbískar flóttakonur finna hamingjuna á Íslandi

Kompás heimsótti fyrir ári kólumbískar flóttakonur sem gengið höfðu í gegnum miklar hörmungar og sáu enga framtíð. Þeim var boðið með börnin sín til Íslands til að hefja nýtt líf. Með seiglu og jákvæðu hugafari hafa þær skapað sér nýja tilveru.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 EXTRA KL. 17.25 OG 20.25

E.R.

Einn lífseigasti og um leið farsælasti framhaldspáttur sögunnar er kominn með nýtt heimili á Íslandi – Stöð 2 Extra. Í sumar hóf stöðin að sýna þessa langlifustu spítalaseríu sögunnar (ef undan eru skildar dagsápurar) allt frá upphafi og standa nú yfir sýningar á fyrstu þáttaröðinni. Þar fer auðvitað fremstur í flokki stórstjarnan George Clooney í hlutverki dr. Doug Ross sem átti auðvitað eftir að slá rækilega í gegn sem kvikmyndastjarna þökk sé þessum þáttum. Stöð 2 Extra mun leggja talsvert upp úr því í framtíðinni að bjóða upp á bestu og vinsælastu þáttaraðir liðinna ára. Þannig standa nú einnig yfir sýningar á þáttaröðum á borð við Ally McBeal á þriðjudögum, Seinfeld alla virka daga, Twenty Four og X-Files. Þá hefjast senn sýningar á Sex and the City, sem verða á dagskrá á fimmtudögum. Það er því óhætt að segja að ófáir gullmolarnir leynist á Stöð 2 Extra.



VIÐ MÆLUM MEÐ

LÍF MEÐ KÖLDU BLÓÐI

SJÓNVARPIÐ KL. 20.20

Breskur myndaflokkur þar sem David Attenborough fjallar um skriðdýr og froskdýr. Í þættinum í kvöld skoðar hann froskaféður sem bera afkvæmi sín um í pokum. Þá verður sýnt þegar metra langar risasalamöndrur glíma og hvernig kambalamöndrur skarta sínu fegursta svo minnir á paradísarfugla í tilhugalífi. Sir David Attenborough fer um eyðimerkur og frumskóga og rekur söguna af því hvernig froskdýrin slitu böndin við lífið í vatninu og gengu á land.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
11.45 Í mótbyr
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt

14.03 Bak við stjórnurnar
15.03 Útvarpssagan: Rigning í nóvember
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
116.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Lárétt eða lóðrétt
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Ársól
23.05 Á tónsviðinu
00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (50:260)

16.30 Hollyoaks (51:260)

17.00 Seinfeld (19:22)

17.25 E.R. (9:25)

18.10 My Boys (8:22)

18.30 Happy Hour (13:13)

19.00 Hollyoaks (50:260)

19.30 Hollyoaks (51:260)

20.00 Seinfeld (19:22)

20.25 E.R. (9:25)

21.10 My Boys (8:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

21.30 Happy Hour (13:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsskum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

22.00 Dagvaktin (7:12) Framhald Næturvaktinnar sem sló rækilega í gegn í fyrravetur og varð vinsælasta leikna íslenska þáttaröðin sem sýnd hefur verið á Stöð 2. Í Dagvaktinni liggja leiðir þremminganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun.

22.30 Numbers

23.15 Fringe (4:22)

00.05 Kenny vs. Spenny (8:13)

00.30 Sjáðu

00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Hrafnaping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Ingvi Hrafn ræðir við Dr. Þorstein Inga Sigfússon, framkvæmdastjóra Nýsköpunarmiðstöðvar.

21.00 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hún kafar ofan í sálarlíf gests síns.

21.30 Katrín Júlíusdóttir Umsjónamaður er Katrín Júlíusdóttir, þingkona Samfylkingarinnar. Hún ræðir um stjórnsmál, málefni neytenda og hagnýt húsráð.

DR 1


11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 21 Søndag 11.50 Aftenshowet 12.20 Reimers 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 14.55 Skum TV 15.10 Angora by night 15.35 Naruto 16.00 Troldepejlet 16.15 Robotboy 16.30 Emil fra Lønneberg 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Superabo 19.00 Sex, magt og intriger 20.00 TV Avisen 20.25 Horizont 20.50 SportNyt 21.00 Præsidentvalg 2008 23.00 OBS 23.05 Hvor kragerne vender 23.50 Seinfeld

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Jessica Fletcher 13.00 NRK nyheter 13.05 Barmeny 13.30 Allo, Allo! 14.00 NRK nyheter 14.03 KuleJenter 14.30 Keiserens nye skole 15.00 NRK nyheter 15.10 Hannah Montana 15.35 Animalia 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barn-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Smá Einstains 17.25 Gjengen på taket 17.40 Distriktnyheter 18.00 Dagsvevnen 18.30 Puls 18.55 Faktor 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktnyheter 20.00 Dagsvevnen 21 20.30 Sommer 21.25 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Dalziel og Pascoe 23.45 Nytt på nytt

SVT 1

11.00 Rapport 11.05 Sportspegeln 11.55 Den ofrivillige golfaren 13.40 Andra Avenyn 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 Hannah Montana 15.30 Skrotnisse och hans vännere 15.45 Pi 16.00 Jultomtens lärling 16.15 Romi Racerbil 16.25 Mona och Mastiff 16.30 Krokodill 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Livet i Fagervik 19.45 Topptorn 20.15 Folk i bild 2008 20.30 Hockeykväll 21.00 USA-valet. Amerikas ondeste man 22.30 Kulturyheterna



Þægindin í fyrirrúmi

Frábærir hvíldarsófar, stólar og tungusófar í miklu úrvali á frábæru verði, þrír litir í boði, alklæddir leðri. Hægt er að velja um vinstri eða hægri tungu, margar stærðir. Einnig góðir vinnustólar sem stuðla að réttri líkamsstöðu við vinnuna.




Passion, Góður lúr - gulli betri

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælaust með bestu rúmakaupnum í dag. Dýnan bíður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt.

Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færast mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion



LUR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:
mán 10:00 – 18:00
fös 11:00 – 16:00

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr



Passion Slide Back

Passion Box

Passion Continental



KREPPAN



Ef þú tekur blöðru, blæst hana upp og sleppir henni, þá þýtur hún út um allt með svaka látum en svo lendir hún og er eins og hún var. Þetta er því bara leiðrétting á bullinu og fer að taka við sér aftur svona um vorið 2010.

Ottar Felix Hauksson útgefandi.

Vilja að Sirkus opni aftur á Klapparstíg

„Við erum í stóru tapi eftir þetta og það vantar nokkrar milljónir upp á að við náum upp í kostnað,“ segir Kristján Björn Þórðarson, framkvæmdastjóri Kling og Bang, sem sá um uppsetningu Sirkuss í London á dögunum. Eins og mörgum er kunnugt var barinn opnaður á listahátíðinni Frieze Art Fair í London við góðar undirtektir en er nú á leið aftur til landsins. Nú þegar hafa ónefndir aðilar sýnt áhuga á því að kaupa verkið eða sýna það á svipaðan hátt og gert var í London, en uppsett

VÍÐFRÆGUR BAR Sirkus er nú á leiðinni til landsins eftir að barinn var opnaður í London og Kristján Björn útlökar ekki að staðurinn verði opnaður á ný við Klapparstíg.



verð á barnum er 350.000 pund. „Við erum að ganga frá samningum við Eimskip og tökum líklegast á móti barnum í næstu viku og þeim listaverkum sem voru til sýnis úti.

Við erum að reyna að finna út hvað við gerum við hann og velta fyrir okkur í hvaða samhengi við munum sýna hann erlendis ef til þess kemur,“ útskýrir Kristján Björn og segir hópinn þurfa að hlaða batteríin áður en frekari ákvarðanir verði teknar.

Fjöldi fólks lýsti yfir óánægju sinni þegar Sirkus lokaði í byrjun febrúar, þar sem til stendur að rífa húsið sem áður hýsti skemmtistaðinn. Kristján útlökar þó ekki að barinn verði endurvakinn í sínum uppruna-



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ... Nú á að skoða hvort hægt sé að opna Sirkus aftur við Klapparstíg.

legu heimkynnum. „Það eru uppi hugmyndir um að koma Sirkus aftur upp á Klapparstíg, en það hefur ekki verið rétt við eigendur lóðarinnar,“ segir Kristján að lokum.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. gáski, 6. drykkur, 8. forsögn, 9. fæðu, 11. klaki, 12. kambur, 14. samband, 16. hæð, 17. fiskur, 18. runa, 20. tveir eins, 21. sóða.

LÓDRÉTT

1. magi, 3. í röð, 4. sjúkrahús, 5. loka, 7. verkfæri, 10. víður, 13. berja, 15. ljómi, 16. púka, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. aersl, 6. ól, 8. spá, 9. mat, 11. ís, 12. búrsf, 14. íslag, 16. ás, 17. all, 18. röð, 20. íl, 21. agða.
LÓDRÉTT: 1. vömb, 3. ís, 4. spítali, 5. lás, 7. laufsög, 10. tré, 13. slá, 15. gílt, 16. era, 19. öð.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

1. Rúnar Halldórsson úr hljómsveitinni The Boys.
2. Aðalsteinn Baldursson.
3. Ólöf Nordal.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Lækkað verð á ýsullökum með roði, aðeins 989 kr/kg
Opíð í verslun mán - fös 08-18:30
Nýr matseðill í veitingahúsi alla miðvikudaga
Gallery fiskur
Opíð í veitingahúsi mán - fös 11:30-15:00 fim - lau 18:00-22:00
www.galleryfiskur.is
Nethyl 2, 110 Reykjavík. S: 587-2882

SIGMUNDUR ERNIR: HIN DÆMIGERÐA FRÆGÐAR-ÆVISAGA BÚIN

Simmi kjaftstopp gagnvart dramatískri sögu alþýðuhetju

„Ég hef gefið út margar ævisögur á löngum ferli en ég held mér sé óhætt að fullyrða að saga Magneu er algjörlega einstök,“ segir Pétur Már Ólafsson útgefandi á Veröld Bjarti.

Eftir um viku kemur út hjá Veröld Bjarti bók eftir Sigmund Erni Rúnarsson, sjónvarpsmann og rithöfund, – bók sem Pétur Már veðjar á að vekji mikla athygli. Í fyrra skrifaði Sigmundur um Guðna Ágústsson, mann sem gjörvöll þjóðin þekkir en nú kemur hann með ævisögu algjörlega óþekktar konu. Hún heitir Magnea Guðmundsdóttir og hefur mætt margs kyns mótlæti í lífinu, reynt ýmislegt en ekki látið neitt stöðva sig – hvorki barnamissi né annað andstreymi. Hún stendur óbuguð eftir og segir Sigmundi sögu sína.

Magnea fæddist í Reykjavík árið 1951, dóttir einstæðrar móður, og ólst upp fyrstu árin á loftinu fyrir ofan Víkingsprent en flutti í skrautlegt samfélag á Sogaveginum þar sem reykvísk alþýða reisti sér hús af misjöfnunum efnunum á sjötta áratugnum. Magnea giftist ung og eignaðist fjögur börn. „Við fáum innsýn í veruleika þar sem líf og dauði fá nýja merkingu. Saga móður sem fórnar öllu fyrir börnin sín í von um að dag einn geti þau lifað venjulegu lífi,“ segir Pétur – saga sigurvegara: Konu sem sýnir hvernig hægt er að yfirstíga það sem virðist óyfirlægt og þola það sem ekki verður þolað.

„Maður er alltaf á útkikkinu eftir góðu viðtalsefni og þegar þessa konu rak á fjórur mínar þá varð ég í eitt af örfáum skiptum ævi minnar algerlega kjaftstopp. Þessi kona hefur átt einhverja ótrúlegustu ævi sem hægt er að hugsa sér og ég fann strax að ég



SIGMUNDUR ERNIR OG MAGNEA Magnea segir Sigmund fallegan jafnt að utan sem innan og þau gátu talað einlæglega saman.

varð að skrifa bók,“ segir Sigmundur Ernir. Hann segir að ef þjóðin hafi einhvern tíma þurft á því að halda að hlusta á alþýðlega hetjusögu, þar sem tekist er á um raunveruleg gildi lífsins, þá sé það núna. Ævisögur hafa ekki verið áberandi á markaði nú um nokkurt skeið. „Nei, hin dæmigerða frægðarævisaga er svolítið búin að missa dampinn. En það á eftir að segja hinar raunverulegu ævisögur þar sem fólk hefur ekkert að fela því frægðin hefur ekki byrgt því sýn.“

Magnea segir það enga spurningu að það að leggja líf sína

fram fyrir almenning sé sérstakt. „En ég einsetti mér það strax í byrjun að taka einn dag í einu og vera ekki að æsa mig yfir því. Svo er Sigmundur ekki bara fallegur að utan heldur að innan einnig. Við náðum vel saman og gátum talað einlæglega saman.“ Magnea segist ekki þekkja neitt annað en að segja allt af léttu. Það er ekkert dregið undan. „Nei, nei, fyrir mér er það eðlilegt. Dramatísk ævi? Ég fattaði það ekki fyrr en við Sigmundur fórum að ræða saman. Ég hafði ekki verið að velta mér upp úr því – þannig.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónleikahaldarar þykjast greina miklum mun meiri hörku í innheimtuaðgerðum STEFs, þar sem **Kjartan Ólafsson** er formaður, en áður hefur verið. Vilja ýmsir tónlistarmenn meina að byltingin sé þar að éta börnin sín, innheimta á STEF-gjöldum sé umdeild og komi ekki síst starfandi tónlistarmönnum illa. Hörkuna vilja menn svo rekja til þess að nýverið töpuðu þessi samtök tónskálda og eigna flutningsréttar fúlgum fjár á hruni bankakerfisins.




Leikarinn og grínistinn **Bjarni Haukur** er ekki í kör og hyggur á útrás með sýningu sína Pabbann. Til Svíþjóðar, til að vera við frum-sýningu þar í landi, flaug utan

nýverið, **Sigurður Sigurjónsson** en hann leikstýrði einmitt sýningunni. Og nú er að sjá hvernig Svíar taka Pabbannum hans Bjarna Hauks.



„Ódáðahraun öskrar á bíó,“ segja ónefndir kvikmyndagerðarmenn í eyra rithöfundarins **Stefáns Mána** og krefjast þess að hann selji ekki kvikmyndaréttinn án þess að tala við sig fyrst. Stefán Máni virðist hitta á einhvern myndrænan tón í bókum sínum sem geðjast kvikmyndagerðarmönnum einkar vel. Þannig er bók hans Svartur á leik á leið í tökum á næsta ári auk þess sem fyrirtækið ZikZak er nú að útbúa pakka, kvikmyndahandrit og upplýsingar, um Skipið til að selja á erlendum vettvangi. - jbg



Þjóðin þarf krútt og ljóð

„Ég hef þá kenningu að krúttin séu ekki dauð heldur eru þau bara farin að lúlla,“ segir Gerður Kristný rithöfundur, sem kom krútt-hugtakinu upphaflega á koppinn í Mannlífsgrein sem hún fékk Ragnar Pétursson til að skrifa. Nokkur umræða hefur farið fram um krúttkynslóðina að undanförunu, hvort hún sé lifandi eða dauð og hvort kreppan muni breyta henni. „Það hefur alltaf verið kreppa hjá krúttunum. Þau hafa verið í lopapeysu í um áratug,“ segir Gerður. „Þetta er áberandi hópur fólks, aðallega tónlistarmanna, með ákveðin lífsviðhorf, tala fyrir náttúruvernd og eru rólynd og fylgin sér. Krútt eiga að vera stolt af því að vera krútt því þau eru það sem þjóðin þarf á að halda núna.“

Gerður „krútt-mamma“ segist ekki eiga von á að fútt færast í krúttin í kreppunni. „Nei, læti fara krúttunum ekki. Og ég sé ekki held-

ur að nýr hópur uppreisnargjarnari listafólks sé í deiglu. Hvaða fólk ætti það að vera? FM Belfast?“

Sjálf hefur Gerður gert ljóðadisk með einu krúttinu, tónlistarkonunni Kiru Kiru. „Ég les ljóð úr ljóðabókunum mínum þremur og hún býr til ákaflega falleg og um leið krúttleg stef þar sem þó er eitt-hvað hættulegt undirleggjandi. Ég býst við að diskurinn seljist í bílförum, enda þarf þjóðin á ljóðum að halda þessi misserin.“

Aðkoma Gerðar í jólabókaflóðinu í ár er svo barnabókin Garðurinn. „Þetta er spennandi draugasaga fyrir 9-14 ára krakka sem gerist í nútímanum. Ógn stæðjar að fjölskyldu í Vesturbænum og spírismi og spænska veikin fléttast inn í söguna. Þetta er fimmtánda bókin mín. Maður verður að framfleyta sér og sínum. Það er ekki eins og maður fái frítt í strætö.“

argunni@frettabladid.is



KRÚTT EIGA AÐ VERA STOLT AF ÞVI AÐ VERA KRÚTT Gerður Kristný gefur nú út fimmtánda bókina sína, barnasöguna Garðurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Útgáfudagur 7. nóvember

Forhlustun
alla vikuna!



NÝTT!



Vertu fyrstur til að heyra!

Hljómsveitin Buff sendir frá sér samnefnda plötu föstudaginn 7. nóvember.

Breiðskífan, sem er þeirra þriðja, inniheldur smellina **Núna mun ég vaka**, **Í gær**, **Þakklæti** og **Enginn nema þú** en hljómsveitin hefur dælt frá sér smellunum undanfarið ár.

Nú gefst notendum Tónlist.is einstakt tækifæri að heyra plötuna í heild sinni áður en hún kemur út.



Tónlist.is

Farðu inn á www.tonlist.is og vertu fyrstur til að heyra!

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna

Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm
í svefnþokapláss
kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

„Eigi skal gráta ...“


Árið 1467 tóku Englendingar upp á því að drepa Björn Þorleifsson hirðstjóra og brytja niður lík hans í smábita svo að það er ekki eins og við Íslendingar höfum ekki áður fengið að smakka á enskri ofbeldishneigð. Þá mælti ekkja hans, kvenskörungurinn Ólöf ríka Loftsdóttir á Skarði: „Eigi skal gráta Björn bónda heldur safna liði.“ Síðan galdraði þessi kjarnakona fárviðri yfir Englendingana og fórust þá þrjátíu enskar duggur. Auk þess kærði Ólöf ofbeldið til Danakonungs sem þegar í stað hóf stríð við Englendinga og stóð sú styrjöld í fimm ár.

EKKI fannst Ólöfu þó nóg að gert heldur fór hún vestur á fjörðu og tók þar enskar skipshafnir til fanga og flutti heim með sér. Svo er sagt að eitt sumarið hafi verið fimmtíu Englendingar hjá henni í haldi og Ólöfu hundleiddist að horfa upp á mennina iðjulausa eins og alþingismenn og lét þá byggja stéttina stóru sem enn sést á Skarði og kölluð er Englendingastétt.

NÚ eru aðrir tímar og þeir erfiðleikar sem við stöndum frammi fyrir eru að stórum hluta sjálfskaparvíti. Áður en við mögnum seið á hendur Gordon Brown og hans lagsbræðrum (megi þeir aldrei þrífast) ættum við að gera upp sakirnar hérna heima fyrir.

MANNI verður hugsað til Ólafar ríku ef maður lítur við á vefsíðunni photo.blog.is. Höfundur þeirrar síðu heitir Kjartan Pétur Sigurðsson og kveðst vera „leidsögumaður og fræðingur með fjölbreytileg áhugamál“. Í stað þess að láta hugfallast hefur Kjartan Pétur breytt vefsíðu sinni í verðmætan hugmyndabanka og kveðst hæversklega hafa „verið að taka saman nokkra punkta um hvernig má bæta íslenskt samfélag“.

NÚ er lag að safna liði og efla Hugmyndabanka þjóðarinnar með Kjartan Pétur sem bankastjóra og mynda sjóð sem sér okkur farborða í framtíðinni – ólíkt þeim bönkum sem kafna í eigin græðgi og eru engum góðum manni harmdauði. Nú þarf að safna liði og hefja tiltekt. Upplagt að byrja þar sem sóðaskapurinn hefur verið mestur og hreinsa burt bruðl og spillingu. Með því að safna liði má snúa niðurlægingu og ósigri í sigurgöngu. Oft var þörf en nú er nauðsyn.


GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
3. nóvember, 308. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.18	13.11
Akureyri	9.14	13.56

Heimild: Almanak Háskólans

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

500.000 FYRIR ÞANN GAMLA!

UPP Í KAUP Á NOTUÐUM JEPPLINGI

Komdu upp á Klettháls með gamla bílinn og settu hann upp í jeppling árgærd 2004 eða nýrri. Við metum bílinn þinn á kr. 500.000, sama hvernig hann er, bara að hann sé skoðaður 2009.



Opið 10-18 virka daga | Opið 12-16 laugardaga
Kletthálsi sími 590 5040 www.heklanotadirbilar.is notadirbilar@hekla.is